



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Guðrún Nordal, forstöðumaður Árnastofnunar, skoða handritin sem Danir færðu Íslendingum fyrir 50 árum. Fyrir framan þau eru Konungsbók eddukvæða, bæði bindi Flateyjarbókar, Skarðsbók Jónsbókar og Möðruvallabók. Þau rita greinar í tilefni þess að hálföld er liðin frá þessum viðburði. Sjá síðu 10 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Drjúg hækkun kallar á krónu

Fyrirverandi varaformaður Viðreisnar segir að í gegnum árin hafi verkalýðsforystan samið um launa-hækkanir umfram svigrúm. Við það hafi orðið að leiðrétta samkeppnisstöðuna með gengisfellingu.

EFNAHAGSMÁL Ísland verður að hafa krónu á meðan vinnumarkaðurinn hagar sér með jafn óábyrgum hætti og raun ber vitni. Gengisstöðugleiki næst aðeins í gegnum breytt vinnubrögð á vinnumarkaði.

Þetta segir Þorsteinn Víg-lundsson, fyrirverandi varaformaður Viðreisnar og nú forstjóri Hornsteins sem á BM Vallá, Björgun og Sementsverksmiðjuna. Hann er fylgjandi upptöku evru og telur það til hagsbóta fyrir Ísland.

„Vandinn er að verkalýðshreyfingin – og sér í lagi ný forysta í verkalýðshreyfingunni – hafnar efnahagslegum veruleika,“ segir hann í miðopnuviðtali í Markaðinum.

Gengisstöðugleiki næst aðeins í gegnum breytt vinnubrögð á vinnumarkaði.

Þorsteinn Víg-lundsson, forstjóri Hornsteins



Þorsteinn segir að frá þjóðarsátt-inni fyrir um þremur áratugum hafi laun hérlandis hækkað riflega tvöfalt á við hin Norðurlöndin og verðból-gan sömuleiðis. Slíkar hækkanir

leiði annað hvort til mikils atvinnuleysis eða falls krónunnar.

„Sé verðbólga viðvarandi meiri en í nágrannalöndunum hverfur samkeppnishæfni atvinnulífsins og atvinnuleysi vex. Samkeppnis-hæfnin verður þá aðeins endurreist með gengisfellingu. Þetta höfum við reynt ótal sinnum,“ segir hann og nefnir að gengisstöðugleiki á hinum Norðurlöndunum hvíli á ábyrgum vinnumarkaði.

Þorsteinn segir að Danir hafi tekið upp fastgengisstefnu árið 1985 og danska krónan sé fest við evru. „Það er skýrt af hálfu danska seðlabankans að ef launahækkanir fara úr böndunum verður stuðningi

við fastgengisstefnuna hætt. Fast-gengisstefnan byggir því á ábyrgð vinnumarkaðar,“ segir hann.

Þorsteinn segir að á fyrstu þremur mánuðum þessa árs hafi launa-kostnaður fyrirtækja aukist um tíu prósent á milli ára en laun hafi verið hækkuð í apríl síðastliðnum og við upphaf árs.

„Slíkar hækkanir leiða til þess að lengri tíma tekur að vinna bug á atvinnuleysinu. Verkalýðshreyf-ingin neitar að horfast í augu við það,“ segir hann.

Heildaratvinnuleysi var tólf prósent í mars, samkvæmt gögnum Vinnu-málastofnunar.

– hvj / sjá Markaðinn

Eignatengsl í atvinnulífinu greind nánar

VIÐSKIPTI Samkeppniseftirlitið vinnur að því að greina betur stjórn-unar- og eignatengsl í atvinnulífinu og hefur leitað til fræðimanna og ráðgjafa til að koma að því verkefni.

Sérfræðingahópur verkalýðs-hreyfingarinnar gagnrýndi fyrr á árinu skort á eftirliti með þessum þætti sem væri mikilvægur til að takmarka meðal annars stórar áhættuskuldbindingar í bankakerf-inu og lán til tengdra aðila. Guðrún Johnsen, lektor við Viðskiptaháskól-ann í Kaupmannahöfn og efnahags-ráðgjafi VR, var í hópi þeirra sem komu að skýrslunni en Samkeppnis-eftirlitið hefur meðal annars leitað til hennar vegna vinnu eftirlitsins.

SKE gerir ráð fyrir að niðurstaða og framvinda þessa verkefnis verði gerð aðgengileg á komandi vikum.

– hae / sjá Markaðinn

Út í búð er svoooo búið!
heimkaup



Nesvík er á Kjalarnesi.

Fá undanþágu fyrir laug við fjöruna í Nesvík

UMHVERFISMÁL Íslenskar fasteignir ehf. fá undanþágu frá lögum til að koma fyrir afþreyingarlaug innan við 50 metum frá sjónum í Nesvík á Kjalarnesi.

» Undanþága hefur verið veitt til þess að koma fyrir afþreyingarlaug í Nesvík.

„Að mati ráðuneytisins er ljóst að nálægð við flæðarmál er forsenda fyrir afþreyingarlaug líkt og þeirri sem hér um ræðir,“ segir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Laugin verði ekki beintengd starfsemi heilsulindarinnar sem áformuð er í Nesvík enda sé kvöð sem tryggir aðgang almennings að sjávarsíðunni. Möguleiki sé á strandstíg sem verði hluti af útivistar- og verndarsvæði. –gar

Hertar aðgerðir á landamærum



Stefnt er að því að allir 16 ára og eldri fái fyrri skammt af bóluefni fyrir 1. júlí næstkomandi. Þetta sagði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra á blaðamannafundi í gær. Þar kom einnig fram að áhættumat, sem framkvæmt verður af íslenskum stjórnvöldum, verði tekið í notkun 1. júní. Fólk frá háahættusvæðum verður skikkað í sóttkví í sóttvarnahúsi og heimilt verður svo að banna ónaúðsynlegar ferðir þangað. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Menntamálastofnun þarf að bæta stjórnunarhætti

MENNTAMÁL Bæta þarf stjórnun Menntamálastofnunar, nauðsyn er á að forstjóri hennar hafi ávallt fulla yfirsýn um fjárhag stofnunarinnar og hafi meginreglur stjórnsýslu-laga og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að leiðarljósi við stjórnun mannaúðsmála. Þetta er meðal ábendinga ríkisendurskoðanda um Menntamálastofnun.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti þarf að sinna betur fjárhagslegu og faglegu eftirliti með starfsemi stofnunarinnar og þá er bent á að það sé áætlisvert að yfirstjórn hafi ekki verið kunnugt um dómsmál sem stofnunin stóð í á árinu 2018 vegna ólögðrar uppsagnar starfsmanns.

Skýra þarf hlutverk hennar betur í lögum en ráðherra hefur að mati Ríkisendurskoðunar afar rúma heimild til að flytja verkefni til stofnunarinnar. Það er því mikilvægt að skýr verkaskipting



Innleiðing hæfnimiðaðs náms er enn ólokið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

sé tryggð og að ávallt sé ljóst hver beri ábyrgð á þeim verkefnum sem flutt eru frá ráðuneytinu. „Skortur á yfirsýn hefur neikvæð áhrif á skipulag stofnunarinnar og getur dregið úr árangri hennar við að sinna lögbundnum skyldum,“ segir í skýrslunni.

Þá kemur í ljós að ráðuneyti og stofnunin hafi ólíka sýn á fjárförf stofnunarinnar og umfang verkefna sem henni ber að sinna. –bb

Segir engan hafa vælt yfir sóttkví áður fyrir

Guðrún Nielsen var fjórtán daga í sóttkví í Danmörku árið 1970. Hún segir engan hafa vælt yfir dvölinni þar. Bólusóttarsmit hjá ungum manni varð til þess að 589 voru skikkaðir í sóttkví. Guðrún segir dvölinna hafa líkst ævintýri.

SAMFÉLAG „Við gerðum það sem okkur var sagt,“ segir Guðrún Nielsen. Hún var skikkað í fjórtán daga sóttkví á farsóttarsjúkrahúsi í Danmörku árið 1970 eftir að ungur Norðmaður kom til Danmerkur smitaður af bólusótt.

Ungi Norðmaðurinn mætti hálflasinn í stúdentaparti í Kaupmannahöfn. Hann hafði smitast af bólusótt í Afganistan en talið var að hann hefði náð bata. Sú var ekki raunin og var hann fluttur í stranga einangrun eftir að hann var greindur með sóttina að nýju. „Þetta var risavaxið dæmi, því hann hafði verið í sambandi við fullt af fólki á mörgum mismunandi stöðum,“ segir Guðrún en 589 manns höfðu orðið útsett fyrir bólusótt eftir samskipti við manninn.

120 manns sættu sóttkví á Blegdams-sjúkrahúsinu, þar á meðal sjö Íslendingar og fjórir íslenskar stúlkur sem voru nýfarnar til Íslands. Þær sættu sóttkví á Vífilsstaðspítala. Útsettu fólkinu var smalað í rútur og flutt á sjúkrahúsið þar sem Guðrún segir hermenn og hjúkrunarfólk hafa tekið á móti þeim.

„Þetta er ekki allt skýrt sem bjartur dagur í minningunni en ég var ekki öröleg vegna þessa, þetta var meir eins og smá ævintýr, auk þess fengum við frí í vinnunni sem mér þótti ekki slæmt,“ segir Guðrún og bætir við að enginn hafi „vælt yfir því að þurfa að fara í sóttkví“.

„Í minningunni er ég komin á áfangastað, stend ber í röð í herbergi fullu af nöktum konum með fataböggul minn í fanginu,“ segir Guðrún sem man vel eftir því hverju hún klæddist þennan dag, brúnum tvíð-jakkafötum sem hún hafði keypt í Karnabæ.



Guðrún Nielsen segir ekki hafa væst um fólkið í sóttkvinni. MYND/ADSEND

Þetta er ekki allt skýrt sem bjartur dagur en ég var ekki öröleg vegna þessa, þetta var meir eins og ævintýr.

Guðrún Nielsen



„Ég man vel þegar við fengum fatapökana okkar aftur. Öllu hafði verið skellt í þvott, sennilega sett á suðu og falletu jakkafötin mín voru ónýtt, öll krumpuð og þæfð, en hrein,“ segir Guðrún. Þá segir hún fólkið í sóttkvinni ekki hafa spáð í fjölda daganna sem það neyddist til að dvelja á sjúkrahúsinu, tíminn hafi liðið fyrirhafnarlaust. Útvarp

var í herberginu en ekkert sjónvarp, þeim var færður matur inn á herbergi og þau fengu að fara út.

Minnisstæð er Guðrúnu ítölsk kona sem var með henni á stofu, hún stytti henni stundir með sögum úr fyrri heimsstyrjöldinni og kenndi henni ýmis orð á ítölsku. „Ég man hvað hún hét og fyrir forvitnisakir güglaði ég hana og fann út að hún var 72 ára gömul í sóttkvinni, fædd árið 1898 og hún lést tíu árum seinna í Vejle á Jótlandi.“

Samkvæmt upplýsingum úr grunni Danska hjúkrunarfræðisafnsins segir að enginn þeirra 589 sem settir voru í sóttkví hafi veikst af bólusótt en ungi Norðmaðurinn lést úr sjúkdómnum þann 21. september 1970. „Þessi sóttvarnaaðgerð var sett á laggirnar með aðeins klukkutíma fyrirvara, en það skiladi árangri,“ segir Guðrún. birnadrofn@frettabladid.is

SUMARTILBOÐ

Frá Þýskalandi
LANDMANN
Your World of BBQ

Niðurfellanleg hliðarborð

FRÍ HEIMSENDING
Nánar á www.grillbudin.is

Afi 10,5 KW

- 3 brennarar
- Brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárnri
- hitajöfnunarkerfi
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Rafkveikja fyrir alla brennara
- Tvöfalt einangrað lok
- Stór posulínshúðuð efri grind
- Hitamælir
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
- Grillflötur 65 x 44 cm

Fullt verð 99.900

TILBOÐ 89.900

Einnig til svart

Opið sumardaginn fyrsta 12-16

Opið virka daga 11-18 - Laugardaga 11-16

Grillbúðin

Smíðjuvegi 2, Kópavogi
Sími 554 0400
www.grillbudin.is

Verum skynsöm, förum vel með okkur og hugum að húð og sál

Það verður opið í Bláa Lóninu á morgun, sumardaginn fyrsta, og alla helgina.
Einstakt tilefni til að njóta alls þess sem Reykjanesið hefur upp á að bjóða.



BLUE LAGOON
ICELAND

Frítt er í Bláa Lónið fyrir 14 ára og yngri. Bókaðu heimsóknina þína fyrir fram á blaalonid.is

Pungur tónn í loftslagsskýrslu

UMHVERFISMÁL Fram kemur í nýrri loftslagsskýrslu Sameinuðu þjóðanna (SB) að loftslagsváin hafi stigmagnast árið 2020. Antonio Guterres, aðalframkvæmdastjóri SB, segir niðurstöðu skýrslunnar verða að vekja leiðtoga heimsins af værum blundi.

„Það er pungur tónn í skýrslunni sem maður ætlast til að stjórnvöld um allan heim taki alvarlega. Ég geri það svo sannarlega. Ég hef barist fyrir eflum aðgerðum, hertum markmiðum og auknu fjármagni til málaflokksins. Við höfum einmitt tekið stór skref hvað þetta allt varðar á kjörtímabilinu og erum byrjuð að sjá árangur af aðgerðum í minni losun Íslands, sem er gríðarlega jákvætt,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra.

Um hvatningu Guterres um að þjóðir heims stefni á 45% samdrátt 2030 og kolefnishlutleysi 2050 segir Guðmundur Ingi: „Ég tek auðvitað undir þessi skilaboð en ítreka að Ísland vill gera enn betur. Við höfum sett okkur markmið um 55% samdrátt í samfloti með ESB og Noregi árið 2030 og nýlega mælti ég fyrir lagafrumvarpi sem kveður á um lögfestingu markmiðsins um kolefnishlutleysi árið 2040.“ – hó



Fjölmörg börn þurfa að ganga í gegnum sóttkvi vegna sóttvarnabrots. FRÉTTABLAÐID/VILHELM

Innan við eins árs með COVID

COVID-19 Yngsta barnið með COVID er ekki orðið eins árs en 23 börn á leikskólaaldri eru nú í einangrun vegna veirunnar. Þá eru 17 grunn-skólabörn smituð, langflest á aldrinum 6-12 ára. Alls eru 113 með virkt smit, langflestir yngri en 18 ára samkvæmt covid.is.

Börn á leikskólanum Jörfa halda áfram að greinast, sum þó ekki fyrr en í seinni sýnatöku en smitið er rakið til einstaklinga sem ekki virtu sóttkvi og einangrun.

Alls þurfa 472 að dúsa í sóttkvi á höfuðborgarsvæðinu og 17 á Suðurlandi en í öðrum landslutum eru tölurnar mun lægri. Þá eru alls 827 í skimunarsóttkvi. – hó

Smit líkleggra meðal farþega búsettra hér en ferðamanna

Í fylgiskjali með skýrslu um fyrirkomulag sóttvarna á landamærunum segir að ferðamenn sem koma frá svæðum þar sem smit er ekki útbreitt séu ólíklegir til þess að vera smitaðir af COVID-19. Þá sé hlutfall smitaðra á landamærum hæst á meðal Póllverja. Fylgiskjalið var ekki birt með skýrslunni upphaflega.

COVID-19 Fólk sem kemur hingað til lands sem ferðamenn frá svæðum þar sem smit er ekki útbreitt er mjög ólíklegt til að vera smitað af COVID-19 samkvæmt greiningu á gögnum frá sóttvarnalækni sem finna má í fylgiskjali 3 með skýrslu um fyrirkomulag sóttvarna á landamærunum.

Skýrslan sem um ræðir var birt á vef Stjórnarráðsins 15. janúar en í hana vantaði fylgiskjal 3. Því hefur nú verið bætt í vefutáfu skýrslunnar en samkvæmt svari Stjórnarráðsins við fyrirsögn Fréttablaðsins, þar sem óskað var eftir bæði skjalinu og útskýringum á því hvers vegna það vantaði í skýrsluna, segir: „Ráðuneytið taldi óvarlegt að birta fylgiskjal 3 nema að betur athuguðu máli.“

Ekki hafði borist svar við fyrirsögn Fréttablaðsins um ástæðu þess að óvarlegt þótti að birta skjalið þegar blaðið fór í prentun í gær.

Upplýsingar í fylgiskjali 3 eru byggðar á gögnum um farþega sem komu hingað til lands á tímabilinu 20. ágúst til 20. nóvember í fyrra og í þeim kemur meðal annars fram að hlutfall þeirra sem greindust jákvæðir í fyrri skimun við landamærin á tímabilinu var hæst meðal fólks með búsetu í Póllandi, eða 2,05 prósent.

Því næst var hlutfallið hæst meðal fólks með búsetu á Íslandi, 1,21 prósent. Sé hlutfallið skoðað út frá ríkisfangi er hlutfall fólks sem greindist við fyrri skimun á landamærum með pólskt ríkisfang 2,22 prósent og þeirra með íslenskt ríkisfang 0,61 prósent. Þá greindust 20 af 635 rúmenskum ríkisborgurum með jákvætt sýni í fyrri skimun.

Sé skoðað hlutfall af heildarfjölda þeirra sem greinast í fyrri sýnatöku á landamærum er fólk með pólskt ríkisfang tæplega 44 prósent þeirra sem greindust jákvæðir á umræddu tímabili. Hlutfall fólks með íslenskt ríkisfang var tæplega 19 prósent og um tvö prósent einstaklinga með litháskt ríkisfang.

Hlutfall þeirra sem greindust í seinni sýnatöku á landamærum var einnig hæst meðal fólks með pólskt ríkisfang, eða 46,6 prósent



Sýna þarf neikvætt PCR-próf við komu, fara í tvöfalda skimun og vera í sóttkvi á milli skimana. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Nýjar áherslur kynntar í gær

Holland, Frakkland, Pólland og Ungverjaland eru þau fjögur Evrópulönd sem nú eru flokkuð sem hááhættusvæði og nýjar aðgerðir á landamærum lúta að. Þetta sagði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra eftir blaðamannafund ríkisstjórnarinnar í gær. Um tuttugu þúsund íbúar Íslands eru frá Póllandi og er um

fjölmennasta innflytjendahóp landsins að ræða. Þá fær dómsmálaráðherra heimild til að banna ónauðsynleg ferðalög til og frá þeim löndum þar sem smit eru með smitstuðul yfir 1.000.

Farþegum sem koma frá löndum sem eru með smitstuðul yfir 750 verður því gert skylt að dvelja í sóttkvíarhúsi við komuna

til landsins, nema þeim verði veitt undanþága á grundvelli reglna sem boðaðar eru. Það á til dæmis við ef fyrir liggja trúverðug áform um dvöl í fullnægjandi húsnæði.

Ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að frumvörp um þessar hertu aðgerðir gætu jafnvel tekið gildi fyrir helgi.

» Hlutfall þeirra sem greindust í seinni sýnatöku var hæst á meðal fólks með pólskt ríkisfang.

allra þeirra sem greindust jákvæðir á tímabilinu 20. ágúst til 20. nóvember 2020. Hlutfall jákvæðra sýna fólks með íslenskt ríkisfang var 20,5 prósent og þeirra með annað hvort spænskt eða breskt ríkisfang var 3,4 prósent.

Í fylgiskjali 3 kemur fram að áberandi sé að farþegar með ríkis-

fang í Póllandi séu „líklegri en aðrir að greinast jákvæðir í fyrri og síðari skimun“. Þá kemur einnig fram að líklegra sé að nán samskipti, til dæmis meðal fjölskyldu og vina, stuðli að dreifingu heldur en hefðbundin ferðamennska sem „felur í sér takmarkað samneyti við aðra íbúa“. birnadrofn@frettabladid.is

Hafðu bílinn öruggan á veginum á góðum sumardekkjum

Bókaðu tíma í dekkjaskipti á klettur.is

GOODYEAR

KLETTUR

SUMARGJÖF TIL ÞÍN!

GRÍPTU
GÆSINA!

 **Eymundsson**

21.04 2021

123
12-34/1234

UPPHÆÐ: FIMMTÁN HUNDRUÐ KRÓNUR

kr 1.500,-

ÚTSKÝRING: GILDIR FYRIR HVER KAUP AD UPPHÆÐ 5.000 KR EÐA MEIRA Í PENNANUM EYMUNDSSON.

*ATH: HÆGT ER AD NOTA ÞESSA ÁVÍSUN Í HVERT SKIPTI SEM ÞÚ KAUPIR FYRIR 5.000 KR EÐA MEIRA. GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM.

FYRIR: VIÐSKIPTAVINI PENNANS EYMUNDSSON


569075 55031 68

GILDIR FRÁ: 21.APRÍL 2021 TIL: 26. APRÍL 2021

I:123456789I: 1234567899" 0123

*Gildir aðeins í verslunum Pennans Eymundsson, ekki á vef.



Golfsett
Verð: 1.999.-



Veiðisett
Verð: 899.-

Fótbolti + 4 keilur
Verð: 1.699.-



Trampólín (16 ft.) með öryggisneti og stiga
Verð: 59.990.-



**Vatnsblöðru-
pumpa með
100 blöðrum**
Verð: 1.999.-

Rafhlaupahjól MI M365
Verð: 62.999.-



Vatnsbyssa 34cm
Verð: 1.999.-



Frisbídiskur 30cm
Verð: 999.-



Götukrítar 20 stk.
Verð: 799.-



Garðyrkjuset
Verð: 899.-



**Depill heimsækir
afa og ömmu**
Verð: 2.799.-



**Brandarar, gátur
og þrautir**
Verð: 1.799.-



**Handbók fyrir ofurhetjur -
Sjötti hluti: Vonlaust**
Verð: 3.499.-



Rím og roms
Verð: 3.999.-



**Framúrskarandi
fyrirtæki**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Sumargjafaávísun gildir til og með 26. apríl eða meðan birgðir endast. Gildir ekki vef Pennans Eymundsson. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Hermenn greina frá andláti Debys.

Forseti Tjad lést af sárum sínum

TJAD Idriss Deby, sem sinnti embætti forseta Tjad í þrjá áratugi, lést af völdum sára sem hann hlaut í bardaga við stjórnarandstæðinga.

Þetta kom fram í yfirlýsingu frá hernum þar í landi í gær. Þessi tíðindi eru olía á eld þess óstöðuga ástands sem verið hefur í landinu síðustu misserin.

Azem Bermendao Agouna, talsmaður hersins, sagði að Deby hefði látist þegar hann tók þátt í að freista þess að kveða niður uppreisn herskára íslamista í Norður-Afríku. Sagt er að Deby hafi verið í framlinu í baráttunni þegar hann hlaut banvæn sár sín.

Forsetakosningar fóru fram í Tjad fyrr í þessum mánuði en Deby var talinn sigurstranglegur í þeim kosningum. Hann hefði þá unnið sínar sjöttu kosningar í röð. – **hó**

Molnar undan Ofurdeildinni

FÓTBOLTI Forráðamenn Chelsea og Manchester City tilkynntu í gær að félögin væru hætta við að taka þátt í stofnun Ofurdeildarinnar. Þá lét Ed Woodward, stjórnarformaður Manchester United, af störfum hjá félaginu í gær en hann hefur barist fyrir stofnun deildarinnar.

Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, átti fund með forystumönnum í knattspyrnunni í Bretlandi í gær. Eftir þann fund sagði forsætisráðherrann að bresk stjórnvöld myndu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að hindra að Ofurdeildin kæmist á koppinn.

„Það kemur allt til greina þegar kemur að því að hindra þessi áform nokkurra eigenda um að búa til lokaðan klúbb elitufélaga. Bæði í gegnum lagasetningu og með því að neita leikmönnum þeirra félaga sem taka þátt í Ofurdeildinni um atvinnuleyfi í landinu.“ segir í yfirlýsingu frá forsætisráðuneytinu.

Johnson hvatti forráðamenn Arsenal, Liverpool, Manchester United og Tottenham Hotspur til að fylgja góðu fordæmi kollega sinna hjá Chelsea og Manchester City. – **hó**

Næsti áratugur mun skipta sköpum í föngun kolefnis

Tækni til kolefnisföngunar er enn að slíta barnsskónum en eftir kjör Bandaríkjaforsetans Joes Biden hafa fjárfestar og sprotafyrirtæki sýnt henni aukinn áhuga. Loftsiustöð verður opnuð á Hellisheiði í júní og stefnt er að því að opna aðra á Húsavík á komandi árum. Næstu tíu ár eru mikilvæg í þróun málsins.

UMHVERFISMÁL Framkvæmdir við loftsiustöð svissneska fyrirtækisins Climeworks í Jarðhitagarðinum á Hellisheiði eru langt komnar og stefnt er að því að hefja reksturinn fyrirhluta júnímánaðar. Mun stöðin geta hreinsað 4 þúsund tonn af koldíoxíði úr andrúmsloftinu á hverju ári, sem er mun meira en tilraunastöð Climeworks hefur gert síðan 2017, það er 50 tonn. Samhliða fönguninni mun Carbfix, dótturfélag OR, dæla bæði koldíoxíðinu og brennisteinsvetni úr Hellisheidarvirkjun niður í bergið.

„Þessi tækni er enn þá að taka sín fyrstu skref“, segir Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastjóri Carbfix. „Verkefnið á Hellisheiði er fyrsta sinnar tegundar í heiminum.“

Ýmis fyrirtæki eru nú að prófa sig áfram með kolefnisföngun (e. direct air capture), þar á meðal kanadíska fyrirtækið Carbon Iceland sem hyggst reisa föngunarstöð á Bakka við Húsavík. Blæbrigðamunur er hins vegar á tækninni og hvert fyrirtæki með sitt einkaleyfi.


Hægt er að lýsa vélunum sem nokkurs konar ryksugum sem innihalda efnasambönd sem koldíoxíðið festist á. Til að aðskilja er efnið svo hitað og Carbfix og dælir því niður í bergið þar sem það herðist.

Edda segir stærstu áskorunina vera kostnaðinn og að það þurfi að ná honum niður til að þessi lausn verði raunhæf á stórum skala. „Að hreinsa koldíoxíð úr andrúmslofti er mjög dýrt. Þess vegna er mikilvægt að byggja upp fleiri og stærri verkefni til þess að ná fram meiri hagkvæmni“, segir Edda. „Það er alltaf dýrara að hreinsa upp en koma í veg fyrir losun.“ Horft sé til þess að eftir nokkur ár geti kostnaðurinn við hvern tank orðið 100 dalir en verðið þarf að lækka enn meira.

Kjör forsetans Joes Biden hefur gefið kolefnisföngun nýtt líf í Bandaríkjunum og stjórn hans lofað fjárveitingum til þess að þróa tæknina. Vegna þessa hafa fjárfestar og sprotafyrirtæki vestra sýnt föngun aukinn áhuga. Kaliforníufylki er meðal þeirra sem hyggjast koma sér upp stórum föngunarstöðvum, sem gæti orðið stærsta framkvæmdin í sögu fylkisins. Lýsti Rajinder Sahota hjá loftslagsráði Kaliforníu því yfir að þetta yrði að gerast á þessum áratug til þess að



Hin nýja loftsiustöð verður opnuð í Jarðhitagarðinum á Hellisheiði í júní næstkomandi. MYND/ORKUVEITAN



Vélarnar sjuga koldíoxíð úr andrúmsloftinu líkt og ryksugur. MYND/CARBFIX

fylkið næði loftslagsmarkmiðum sínum um miðja öldina.

Edda er á sama máli um hversu brýnt þetta sé. „Það skiptir mjög miklu máli að við notum þennan áratug til að bæta þær tæknilausnir sem eru þegar til. Bæði til að hindra losun og til að fanga það sem þegar er komið út í andrúmsloftið“, segir

hún. „Ef við sækjum ekki fram í þessum flokkum á stórum skala munum við ekki ná markmiðum Parísarsamkomulagsins.“ Ef allt gengur sem skyldi gæti föngun koldíoxíðs orðið stór breyta í loftslagsbaráttunni um miðja öldina.

Í Bandaríkjunum hefur verið horft til þess að nýta efni úr föngun-

Pað er alltaf dýrara að hreinsa upp en koma í veg fyrir losun.

Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastjóri Carbfix



inni, meðal annars til að vinna plast og steypu. Edda segir það jákvætt að efnið sé nýtt í framleiðslu á vörum. „Þetta getur þó aldrei verið nema lítill hluti því eftirspurnin er ekki nema um tíu prósent. Því skiptir miklu að byggja upp varanlega förgun efnisins“, segir hún. kristinnhaukur@frettabladid.is

Derek Chauvin dæmdur sekur

BANDARÍKIN Derek Chauvin, lögreglumaðurinn sem kraup á hálsi Georges Floyd í rúmar níu mínútur, var í gær dæmdur sekur í öllum ákæruðum. Kvíðdómur tók sér tíu klukkustundir síðustu tvo daga til umhugsunar og umræðna um málið áður en hann komst að niðurstöðu.

Joe Biden Bandaríkjaforseti breytti dagskrá sinni til að geta horft á úrskurðinn. Hann var búinn að gefa sitt álit og vonaðist að sögn eftir réttlátri niðurstöðu. Biden sagðist biðja fyrir því að dómurinn yrði réttur og til þess fallinn að lægja þær öldur sem hafa verið í bandarísku samfélagi vegna málsins. Gífurlegur fjöldi fólks fylgdist náið með og þá var töluverður fjöldi fyrir utan dómshúsið.

Myndband af andláti Floyds vakti mikinn óhug. Það sýnir þegar Chauvin krýpur niður og þrýstir hné sínu á hnakka Floyds á meðan hann biðst vægðar. Andlát Floyds



Derek Chauvin, fyrirverandi lögreglumaður, var ákærður fyrir morð af annarri og þriðju gráðu og fyrir manndráp án ásetnings. FRÉTTABLAÐID/GETTY

» Chauvin var dæmdur sekur í öllum ákæruðum af kvíðdómi í gær.

leiddi af sér mikil mótmæli, ekki bara í Bandaríkjunum, heldur um allan heim.

Chauvin var leiddur burt í handjárnnum og má búast við ákvörðun um refsingu eftir átta vikur. – **bb**

FRÉTTAVAKTIN
kl. 18.30

Fréttaumfjöllun fyrir alla.
í opinni dagskrá á virkum dögum
á Hringbraut og frettabladid.is

Gleðilegt sumar



Vatnsblöðrupumpa
1.299 kr/stk



Cross

16" Ultra

23.999 kr/stk



Fótbolti

2.499 kr/stk



Fötusett

2.699 kr/stk



Sápukúluvéi

3.999 kr/stk



Vatnsblöðrur

699 kr/pk



Kubb

5.999 kr/stk



Comet Crash

2.799 kr/stk



Vatnsblöðrukastari

1.099 kr/stk



Úrval
af hlaupahjólum

Verð frá **8.999** kr/stk

HAGKAUP

Andúð ógnar þjóðaröryggi



Adalheiður Amundadóttir

adalheidur@frettabladid.is

Í skýrslu sem birt var á vef Stjórnarráðsins 15. janúar um fyrirkomulag sóttvarna á landamærum var vísað til fylgiskjals sem vantaði í skýrsluna. Fréttablaðið óskaði eftir umræddu fylgiskjali og fékk það loks afhent nú í vikunni.

Skýringa var óskað á því hvers vegna fylgiskjalið var ekki birt með skýrslunni eins og önnur fylgiskjöl hennar. „Ráðuneytið taldi óvarlegt að birta fylgiskjal 3 nema að betur athuguðu máli,“ segir í svari Stjórnarráðsins við fyrirsöfnuð blaðsins.

Í umræddu skjali eru meðal annars birtar upplýsingar um fjölda þeirra sem fóru í sýnatöku á landamærum á tilgreindu tímabili í lok síðasta árs, auk niðurstaðna úr sýnatöku. Upplýsingarnar eru sundurliðaðar eftir búsetu, þjóðerni og brottfararstað. Af skjalinu má ráða að langflestir sem greindust jákvæðir í fyrstu skimun á landamærum á umræddu tímabili höfðu pólskt ríkisfang.

Í nýlegri skýrslu þjóðaröryggisráðs er fjallað ítarlega um baráttuna við heimsfaraldurinn og helstu aðgerðir stjórnvalda rifjaðar upp frá því neyðarstigi almannavarna var lýst yfir fyrir rúmu ári. Af yfirferðinni er ljóst að stjórnvöld hafa sjaldan staðið frammi fyrir annarri eins ógn við þjóðaröryggi hér á landi. Fjallað er sérstaklega um gildi upplýsingagjafar til almennings og hve mikinn þátt upplýsingafundir almannavarna hafi átt í því að halda faraldrinum niðri á landinu.

Svar Stjórnarráðsins um ástæður þess að fyrrnefnt fylgiskjal var ekki birt bendir hins vegar til að stjórnvöld hafi haldið að sér upplýsingum sem liggja til grundvallar sóttvarnaaðgerðum af ötta við útlendingaandúð sem blossað gæti upp.

Stjórnvöldum er vorkunn. Fjölmíðlafólk finnur fyrir þessum ötta líka enda er ógnin raunveruleg. Andúð á innflytjendum er raunveruleg á Íslandi. Þegar slík andúð verður til þess að við getum ekki talað saman, miðlað upplýsingum og tekið ákvarðanir byggðar á þeim verður hún ógn við þjóðaröryggi.


Það er lífsspursmál að auka umburðarlyndi og náungakærleik hér á landi. Útlendingaandúð og fordómar eru ekki síður ógn við þjóðaröryggi en hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi og farsóttir. Ef stjórnvöld geta ekki veitt borgurum upplýsingar af ötta við fordómafull viðbrögð, þurfum við að horfast í augu við að okkur sé ekki treystandi fyrir upplýsingum. Þá eigum við gegnsæið ekki lengur skilið. Við þurfum að horfast í augu við og viðurkenna þetta.

Reiðialda hefur farið um landið undanfarna daga vegna meintra sóttvarnabrota. Látum okkur frekar renna þá reiði en hella olíu á eld útlendingaandúðar og verum traustsins verð. Þau smit sem komast inn fyrir landamærin verða aldrei pólskum innflytjendum að kenna. Þau eru ekki sist afleiðing af vanmætti okkar til að ráða niðurlögum haturs og umburðarleysis. Við verðum að gera betur.



Ef stjórnvöld geta ekki veitt borgurum upplýsingar af ötta við fordómafull viðbrögð, þurfum við að horfast í augu við að okkur sé ekki treystandi fyrir upplýsingum.

Halldór



Frá degi til dags

Bólusett hugsjón

„Í raun og veru snúast þessi smit ekki um fyrirkomulagið sjálft heldur að fólk er ekki að fylgja fyrirkomulaginu og það er mjög miður,“ sagði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra þegar hún tónaði niður ábyrgð stjórnvalda á innfluttum smitum helgarinnar. Þessi útskýring hljómaði kunnuglega í eyrum Péturs Más Ólafssonar bókaútgefanda sem færði til bókar á Facebook að hann minnst þess að hafa fyrir margt löngu séð Arnald orða þennan kjarna vandamálsins í Sölu Völkur: „Hugsjónina sakar ekkert þótt einstaklingarnir deyi eða sviki.“

Innansveitarkóróna

Flækjustigið á dægurþrasinu í kringum veiruna og meintar hávísindalegar greiningar og lausnir virkra í alvísu er í raun löngu komið á það stig að sá sem nálgast það ekki á forsendum Nóbelskálðsins lifir ekki af hér í umræðunni. Þannig að réttast er að henda bókinni, Innansveitarkróniku það er að segja, í hausinn á þeim sem allt þykjast vita um grímur, litakóða og eigið mat yfirvalda á áhættu við ferðalög. Þar er því haldið til haga að Íslendingar leysi vandræði sín með orðhengilshætti og tittlingaskit sem kemur málinu ekki við, „en verði skelfingu lostnir og setji hljóða hvenær sem komið er að kjarna máls.“ totti@frettabladid.is

Frumkvöðullinn í barninu



Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Menntakerfið þarf að undirbúa börn undir þær áskoranir og þau tækifæri sem fylgja munu fjórðu iðnbýltingunni. Mikilvægt er að skilja eðli og umfang þeirra tækniframfara sem orðið hafa síðustu áratugi, og þeirra fyrirsjáanlegu breytinga sem framtíðin ber í skauti sér. Heimurinn er á hreyfingu og framsækin samfélög verða að fylgja með.

Reykjavíkurborg hefur ákveðið að ráðast á lítt skilgreinda 10 milljarða fjárfestingu í stafrænni þróun á þjónustu borgarinnar. Mikilvægt er að skólafari fari ekki varhluta af stafrænu umbreytingunni og því eðlilegt að hluta fjármagnsins verði ráðstafað til snjallvæðingar grunnskólafars.

Á fundi borgarstjórnar í gærðag flutti undirrituð tillögu Sjálfstæðisflokks um snjallvæðingu skólafars í Reykjavík. Hluti tillögunnar miðaði að aukinni nýsköpun og frumkvöðlastarfi í grunnskólum borgarinnar. Þannig yrði fjárfest í uppsetningu Fab Lab sköpunarsmiðja í sérhverju borgarhverfi til samnýtingar fyrir grunnskóla og almenning innan hverfa.

Fab Lab eru smíðjur með fjölbreyttum tækjum og tólum til að skapa nánast hvað sem er. Þar gefa fólk tækifæri til að virkja sköpunargáfuna og koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Smíðurnar eru gróskumikill suðupottur hugmynda og frumkvæðis. Þær sameina færni í raungræinum, verkgræinum, tækni og sköpun – og efla mikilvæga færniþætti framtíðar.

Það er miður frá því að segja að tillagan hlaut ekki brautargengi. Taldi meirihluti borgarstjórnar eigin áform um stafræna ferla fyrir starfsfólk, viðmót fyrir foreldra og aukna yfirbyggingu, fela í sér nægilega snjallvæðingu í skólafarfi. Áform um snjallvæðingu fyrir börn virtust óskilgreind og metnaðarlaus.

Stafræna vegferðin verður fyrst og síðast að ná inn í skólana svo stuðla megi að aukinni tæknifærni bæði nemenda og kennara. Grunnskólakerfið verður að bjóða réttu aðstöðuna og verkfærin fyrir nemendur að afla þekkingar í raunvísindum, tækni og sköpun – svo þau geti betur mætt áskorunum fjórðu iðnbýltingarinnar og öðlast mikilvæga þjálfun í færniþáttum framtíðar – og svo virkja megi frumkvöðulinn í barninu.



Stafræna vegferðin verður fyrst og síðast að ná inn í skólana svo stuðla megi að aukinni tæknifærni bæði nemenda og kennara.

Allt fyrir veisluna á einum stað

Skraut, borðbúnaður, búningar og tækjaleiga



FAXAFEN 11, 108 REYKJAVÍK, S: 534-0534

WWW.PARTYBUDIN.IS

Of langt gengið



Ari Trausti Guðmundsson þingmaður Vinstri grænna

Alþingi samþykkti einróma breytingar á sóttvarnalögum (sem velferðarnefnd stóð öll að) til að styrkja stöðir undir harðari varnaraðgerðir en þau höfðu leyft. Sóttvarnalæknir lagði til nýjar reglur og heilbrigðisráðherra setti reglugerð mjög nærri

því sem lagt var til. Það var gert með samráði við lögfræðinga sem eru sóttvarnaryfirvöldum til taks, eins og jafnan er.

Þeir sem töldu sig beitta órétti með þessu brugðust við og Héraðsdómur dæmdi sem svo að kærendur hefðu rétt fyrir sér. Lögfræðingar eru ekki á einu máli hvort sá úrskurður standist en það á ekki að koma á óvart því lagatúlkun og lögfræðialit eru alloft deiluefni fræðimanna.

Með öðrum orðum: Reglugerðin reyndist gölluð en lög voru ekki brotin samkvæmt úrskurði Héraðsdóms. Landsréttur vísar málinu frá

og skiptir sér ekki af því frekar með efnislegri meðferð.


Sóttvarnalæknir og ráðherra bregðast við með því að breyta reglugerðinni. Ferlið er allt með felldu samkvæmt stjórnsýslu- og almennum lögum og hvorki héraðsbrestur né lýðræðisglæpur. Bæði sóttvarnalæknir og ráðherra, ásamt landlækni og fjölmörgum sérfræðingum, svo ekki sé minnst á heilbrigðisstarfsmenn og marga aðra, hafa staðið sig afburðaveirunni í baráttunni við kórónaveiruna og heilsuafleiðingar hennar. Alþingi taldi sig á sömu leið sóttvarna með sínum einróma samþykktum.

Úr þessari gölluðu, fyrri reglugerð er reynt að gera aðför að stjórnskrá, aðför að frelsi fólks og lýðræði, kröfu um afsögn ráðherra og jafnvel rætt um fólksu gagnvart samfélaginu. Í kolli að minnsta kosti sumra orðhákanna nærast sú furðulega hugmynd að staða, með því sem kalla mætti ásættanlegum fjölda smita, sé raunhæf eða jafnvel æskileg, rétt eins og heimsfaraldur sé stjórnhæfur og ábyrgð á mannlífum teygjanleg.

Reyndin er sú að mikill meirihluti íslensks samfélags styður öflugar sóttvarnaaðgerðir. Margir sjá í gegnum pólitíska holtapöku sem

reynt er að búa til og á sér ekki stöð í ábyrgri stjórnsýslu eða skilningi á samfélagsskyldum frammi fyrir skæðri sótt. Sem flestir ættu að skoða almannavarnalögin, gr. 23 – 27 (<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008082.html>), þar sem mjög harðar aðgerðir lögreglu og stjórnvalda hafa styrka lagastöð, ströng boð og bönn eru leyfð og skilgreindar, borgaralegar þegniskyldur mynda vörn gegn afleiðingum margs konar náttúruvæðra, ófriðar, kjarnorkuslysa og fleiru. Þau lög eiga ekki við nú en minna á hvað samstaða og samhljálpskipti miklu máli og hve frelsi, jafnt sem stjórnsýslu, fylgir mikil ábyrgð.

Að standa við stóru orðin



Sigurjón Arnórsson framkvæmdastjóri Flokks fólksins

Fyrir nokkrum árum voru lagðar fram á Alþingi tillögur að stofnun embættis umboðsmanns aldraðra, skrifar þingmaður Samfylkingarinnar, Helga Vala Helgadóttir, fimmtudaginn, 8 apríl í Morgunblaðspistli. „Þær tillögur náðu því miður ekki fram að ganga en ég tel mikilvægt að við rifjum þær tillögur upp og skoðum hvort tilefni sé til að setja slíkt embætti á laggirnar.“ Ég er eindregið sammála Helgu Völu, en mér finnst furðulegt að hún nefnir það ekki að formaður Flokks fólksins hefur mælt fyrir sama máli á hverju þingi síðustu þrjú árin. Þegar hún talar um að „rifja þær tillögur upp“ á ný, þá er viðeigandi að nefna að þessi tillaga hefur itrekað verið svæfið í velferðarnefnd Alþingis sem starfar undir formennsku Helgu Völu.

Að sjálfsögðu fagna ég því ef fulltrúi Samfylkingarinnar ætlar að styðja okkur í þessari baráttu. Hingað til hefur enginn þingmaður haft áhuga á að vera með okkur í þessu þingmáli, enginn tekið til máls í þau þrjú skipti sem málið var rætt á Alþingi og við höfum fengið lítinn stuðning við að koma málinu úr velferðarnefnd til atkvæðagreiðslu. Þar sem formaður velferðarnefndar hefur nú séð ljósið, þá fyllist ég von um að við náum þessu máli, að minnsta kosti úr nefnd í þetta skiptið. En timinn er naumur þar sem kjörtímabilinu lýkur í vor.

Aldraðir hafa lengi þurft að umbera stjórnmalamenn sem sigla undir fólksu flaggi. Þrátt fyrir fögur orð um málefni aldraðra byrjaði ríkisstjórn Samfylkingarinnar og VG með því að setja krónu á móti krónu skerðingar á eldri borgara þegar þau tóku við völdum 2009. Einnig má nefna bréfið frá, sem formaður Sjálfstæðisflokksins skrifaði til allra eldri borgara árið 2013 þar sem hann lofaði meðal annars að íþyngja ekki öldruðum með ósanngjarnri skattlagningu, að afturkalla kjarskerðingar hjá ellilífeyrisþegum, afnema tekjutengingar ellilífeyris og svo framvegis. Allir stjórnmálaflokkar hafa lofað að leiðrétta kjargliðnunina en Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur lögðu sérstaka áherslu á þetta loforð í kosningarbaráttunni 2013. Stóðu þeir við stóru orðin? Að sjálfsögðu ekki.

Helga Vala Helgadóttir hefur ennþá nokkra mánuði til þess að koma þingsályktunartillögu Flokks fólksins um hagsmunafulltrúa aldraðra úr velferðarnefnd og í síðari umræðu og atkvæðagreiðslu inn í þingsal. Ef hún gerir það og kys með málinu þá mun ég verða sá fyrsti til þess að hrósa henni. Ef ekki, þá skipar hún sér í hóp þeirra fjölmörgu stjórnmálamanna sem lofa öllu fögru fyrir kosningar og standa ekki við neitt af þeim loforðum.

via fögnum sumri!
þú færð sumargjöfina hjá okkur



Fylgstu með
f / o / FJORDUR

MIÐVIKUDAG 21. APRÍL
17:00-19:30



Leikfangaland.is
þú færð sumardótið hjá okkur!



opið 12-16
sumardaginn fyrsta

leikfangaland.is

DARÍA
20%
af öllum fatnaði



daria.is Gildir til 24.apríl

SKÓHÖLLIN
Firði
20% af öllum skóm



Gildir til 24.apríl

ÚR & GULL
Firði - Miðbæ Hafnarfjarðar
20% af öllum úrum*



*ATH ekki af Raymond Weil eða Seiko
Gildir til 24.apríl

KONA
20% af völdum vörum



konatiskuverslun.is Gildir til 24.apríl

The Mistress
25% af völdum vörum



themistress.is Gildir til 24.apríl

Handritin heim – fimmtíu ár frá komu handritanna til Íslands



Guðni Th
Jóhannesson
forseti Íslands

Vær saa god, Flatöbogen.“ Vísast hafa engin orð mælt á dönsku vakið eins mikla gleði á Íslandi og þessi kveðja að morgni 21. apríl 1971, fyrir rétttri hálfri öld. Á hafnarbakkanum í Reykjavík afhenti skipstjóri varðskipsins Vædderen Flateyjarbókina og síðan Konungsbók Eddukvæða, tvær gersemar íslensks og norræns menningararfs.

Í huga margra Íslendinga lauk þá fyrst baráttu þjóðarinnar fyrir fullu sjálfstæði. Handritin komu heim, í það minnsta stór hluti þeirra. Hinar fornu skinnbækur geyma Íslendingasögur og eddukvæði, konungasögur, fornaldarsögur og riddarasögur, kveðskap og annan vitnisburð um líf, reynslu og trú á Íslandi og annars staðar í hinum norræna heimi. Íslendingar sömdu þær flestar og þær varðveittust á Íslandi kynslóð fram af kynslóð. Þessar bókmenntir kallast á við evrópskar bókmenntir síns tíma, en eiga um leið rætur í rammíslenskum jarðvegi.

Við þurfum ekki að harma að handritin hurfu úr landi á sínum tíma. Hefði engu verið safnað og ekkert verið flutt suður á bóg hefði margt bókfellið glatast að eilífu á Íslandi. Landið var fátækt, án kastala og borga, án vísra geymslustaða.

En tímarnir breytast. Lengi vel þótti valdhöfum í Danmörku ekki koma til álita að flytja hinar fornu bækur aftur norður í höf. Síðar urðu réttlæti og sanngirni ofan á. Þröngsýni, lagaklækir og frekja fengu að víkja. Gengið var frá einstökum samningi um skil á íslenskum handritum. Þann stórhug Dana má meta og virða.

Þessa sögu má gjarnan segja um okkar daga þegar enn er deilt um sambærileg verðmæti víða um heim. Tekist er á um þjóðargersemar sem fulltrúar nýlenduvelða tóku ófrjálsri hendi eða fengu með vafasömum samningum. Því miður eigum við ekki næg dæmi um það að fulltrúar



Við þurfum ekki að harma að handritin hurfu úr landi á sínum tíma. Hefði engu verið safnað og ekkert verið flutt suður á bóg hefði margt bókfellið glatast að eilífu á Íslandi.

erlendra ríkja komi færandi hendi eins og skipstjórinn á Vædderen til Íslands fyrir hálfri öld og segi í svipuðum anda: „Gerðu svo vel, hér eru stytturnar sem teknar voru frá ykkur, hér eru guðalíkneskin, hér eru ykkar einstæðu fornminjar.“

Með þessu er ekki þar með sagt að allt sé skýrt um sanngjarnt eignarhald og uppruna og öllum munum eigi skilyrðislaust að skila. Veröldin er flóknari en svo. En meginreglan á að vera sú að óskir í upprunalandi skáki hagsmunum hinna sem vilja enn njóta ólögglegra, ósanngjarnra eða úreltra gjörninga fyrri tíma.

Sagan af skilum íslensku handritanna er gott dæmi um sátt sem una má við. Enn er fjöldi íslenskra handrita í Danmörku og víðar erlendis. Áfram má ræða hvort sum þeirra eigi frekar heima á Íslandi. Mikilvægast er þó að þau, sem hafa þessar einstæðu heimildir undir höndum, gæti þeirra vel, rannsaki textana og miðli þeim til fræðasamfélags og almennings.

Við Íslendingar njótum þess að úti í heimi vill fólk sökkva sér ofan í þann heim sem sagt er frá í hinum fornu handritum okkar. Við ættum alls ekki að stuðla að því að þau lokist af hér á Íslandi. Við þurfum að sjálfsögðu að verja þau fyrir skemmdarmætti tímans, en við þurfum líka að verja þau fyrir öfgum og ofsa. Við þurfum með öðrum orðum að verja Ásgarð, heimkynni godanna, fyrir þeim sem reyna að misnota norrænan



sagnaarf til að ala á fordómum, illsku og ótta. Vissulega er mikið um ofbeldi og aðdáun á afli hins sterka í okkar fornu sögum. „Bændur flugust á“; þannig hefur þeim verið lýst í hnotskurn en auðvitað líka í hálfkæringi. Og gleymum því ekki að sögurnar geyma mun frekar vísdom um mikilvægi sæmdar og sanngirni, hugrekks og þrautseigju.

Loks skulum við horfa björtum augum fram á veg. Í aldanna rás hafa handritin veitt fólki ánægju og innblástur, framlag forfeðra okkar og -mæðra til heimsmenn-

ingarinnar. Öll, sem hlusta á tónlist Wagners, mega vita að hann sótti í smíðju Snorra Sturlusonar og annarra sagnaritara. Sama gerðu Tolkien og svo margir fleiri höfundar í heimi bókmenntanna, um það vitna til dæmis dvergurinn Gimli í Hringadróttinsögu og drekinn Smaug í Hobbítanum, augljós eftirmynd Fáfnis sem greint er frá í Konungsbók Eddukvæða. Og nú síðast sjáum við grilla í Óðin, Frigg og fleiri æsi og ásynjur í ofurhetjummyndum Marvels.

Höldum því áfram að móta

okkar merka menningararf, með öllum sem hans vilja njóta nær og fjær. Í dag er lagður hornsteinninn að nýju fræðasetri í Reykjavík þar sem hægt verður að geyma og sýna handritin enn betur en áður. „Við höfum beðið lengi eftir þessari byggingu,“ sagði Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, fyrir skemmstu. A þennan hátt er 21. apríl 2021 einnig gleðistund í sögu okkar Íslendinga. Hjartanlega til hamingju með daginn, kæru landar!

Handritin fyrir heiminn



Guðrún Nordal
forstöðumaður
Árnastofnunar

Í dag fögnum við því að fimmtíu ár eru liðin frá því að fyrstu tvö handritin, Konungsbók eddukvæða og Flateyjarbók, komu heim til Íslands frá Danmörku með herskipinu Vædderen. Mannfjöldi safnaðist saman í miðbæ Reykjavíkur og frí var gefið í skólum landsins. Þann dag var ég á ellefta ári og hélt eins og aðrir skólakrakkar niður í bæ til að fylgjast með komu herskipsins og hreifst af þeirri spennu sem lá í loftinu. Mörgum fannst sem lokaskrefið í sjálfstæðisbaráttunni hefði þarna verið stigið.

Lausn handritamálsins var stórmerkileg í alþjóðlegu samhengi og augljóst að Danir sýndu Íslendingum mikið vinarbragð. Í tilefni af þessum tímamótum verður lagður hornsteinninn að Húsi íslenskunnar sem ris nú á gamla Melavellinum. Þar mun Árnastofnun verða undir sama þaki og námsgreinar í íslensku og íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands. Á þeim stað verður þannig sjálfkrafa miðjan



í rannsóknum á íslenskri tungu, menningu og bókmenntum í heiminum, rannsóknar- og sýningaraðstaða eins og best verður á kosið og gott aðgengi að handritum og öðrum gögnum stofnunarinnar fyrir almenning, ekki sist fyrir nýja kynslóð og liðsmenn íslenskunnar. Á tímamótum skiptir máli að huga að framtíðinni og hvaða skref við getum nú tekið til að miðla handritaarfinum sem best til allra

sem hafa áhuga á þeim fjölbreyttu textum, myndum og jafnvel tónlist sem handritin geyma. Íslensk handrit eru ekki aðeins varðveitt á Íslandi eða í Danmörku, heldur er töluverður fjöldi íslenskra handrita varðveittur á söfnum í öðrum löndum, eins og í Svíþjóð og Bretlandseyjum. Áætlað er að um 4.000 íslensk handrit séu varðveitt í söfnum erlendis og eru þá ekki talin með handrit í einkaeigu afkomenda

vesturfaranna í Kanada og Bandaríkjunum þar sem skrár yfir þau handrit eru ekki frágengnar.

Á hálfra aldar afmæli heimkomu fyrstu handritanna væri skemmtilegt og við hæfi ef við strengdum þess heit að skrá íslensk handrit um allan heim í einn gagnagrunn, eins og handrit.is þar sem nú eru settar inn myndir af handritum úr safni Árna í Reykjavík og Kaupmannahöfn og handrit í Landsbókasafni,

í góðu samstarfi við söfn í öllum löndum, mynda þau og skrá eins nákvæmlega og kostur er. Slíkt verkefni er vitaskuld kostnaðarsamt og tímafrekt, en myndi gerbreyta aðgengi almennings, fræðimanna, listamanna, þýðenda og rithöfunda um allan heim að þessum einstöku heimildum sem spanna meira en 800 ár og vera vinarbragð okkar við alla sem unna íslenskum bókmenntum, sögu og menningu.



Á tímamótum skiptir máli að huga að framtíðinni og hvaða skref við getum nú tekið til að miðla handritaarfinum sem best til allra sem hafa áhuga á þeim fjölbreyttu textum, myndum og jafnvel tónlist sem handritin geyma.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 21. apríl 2021

C-vítamín munnúði



MELTINGIN Í 1. SÆTI



Guðrún Svava segir dansnám og verkfræðinám eiga það sameiginlegt að krefjast mikils aga og þess að vera óhrædd við að gera mistök. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bítlarnir kveiktu áhugann á jóga

Guðrún Svava Kristinsdóttir er einstaklega fjölhæf, en hún er menntaður atvinnudansari sem hefur starfað við bæði jóga- og Pilateskennslu, auk þess sem hún er með tvær meistaragráður í verkfræði frá Cornell-háskóla. Í dag er hún búsett og starfandi á Íslandi. **2**



Hjördis Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Guðrún Svava flutti til Íslands frá New York í upphafi COVID. Í dag fæst hún við markaðsstörf hjá tæknifyrirtæki, heldur utan um kennaranám í Pilates ásamt því að kenna jóga og Pilates. Það er því ótalmargt sem hún þarf að huga að.

Hvernig er dæmigerður dagur hjá þér?

„Dagarnir hafa verið misdæmigerðir í COVID. Sem betur fer er ég komin með góða morgunrútinu sem virkar vel fyrir mig. Ég vakna, drekk stórt vatnsglas, fæ mér gott kaffi, stunda jóga og fer í bað (sem ég elska). Síðan mæti ég í vinnuna, sem er fjarvinna að mestu núna, milli 8 og 9 og vinn til 16-17. Suma dagana kenni ég við Listaháskóla Íslands, þá byrja ég daginn inni í dansstúdíói með fullan sal af nemendum.“

Guðrún Svava leggur mikla áherslu á heilbrigðan lífsstíl. „Ég fasta yfirleitt til hádegis, en ég borða yfirleitt ekki fyrr en ég finn fyrir svengd. Svo elska ég að elda mat, elda oft eitthvað hollt og gott á kvöldin, prófa mig áfram með indverska matseld eða ítalska. Ég elska til dæmis að veganisera fallega, ítalska pastarétti.“

Datt ofan í kanínuholuna

Guðrún Svava rifjar upp sín fyrstu kynni sín af jóga. „Ég held það hafi verið þegar ég „uppgötvaði“ Bitlana sem unglingur, tónlistina þeirra og aðra tónlist sem kennd er við 60's eða hippatímabilið. Þegar ég hlustaði á texta þessara tónlistarmanna, til dæmis hjá George Harrison, þá óx líka forvitnin um þetta nirvana sem allir virtust vera að tala um í textum og þar datt ég ofan í kanínuholuna,“ segir hún glettin.

„En fyrir alvöru byrjaði ég í líkamlegu jóga þegar ég bjó úti í New York um tvitugt og var að leggja stund á dansnám. Jógað opnaði brjóstið mitt og gjörbreytti líkamsstöðu minni sem dansara og ég tala iðulega um það í kennslunni minni í dag.“

Öðruvísi ástarsamband

Kynni hennar af Pilates voru af öðrum toga. „Pilates kynntist ég blessunarlega af illri nauðsyn. Það voru kannski ekki eins rómantísk kynni og með jógað en hins vegar allt öðruvísi ástarsamband. Mér var bent á ákveðna Pilates-miðstöð meðan ég var í dansnáminu og hafði verið meidd í talsverðan tíma. Ég var ekki með sjúkratryggingu úti og enga getu til að borga lækni meðferð úr eigin vasa. Ég prófaði þrjá tíma í Pilates og – lét lækna!“

Pilates-kennari Guðrúnar Svövu gegndi þarna veigamiklu hlutverki. „En sannleikurinn er



Guðrún Svava hefur tvisvar verið búsett í New York þar sem hún stundaði nám og starfaði hjá „start-up“ fyrirtæki í heilbrigðistækni.

FRÉTTABLAÐID/
VALLI

“ Dansari sem leyfir sér að mistakast hvað eftir annað í sporinu sem hann er að æfa, er fljótari að fullkomna það en sá sem hræðist að mistakast.

sá að það sem hjálpaði mér með meiðslin var sambland af æfingum og ótrúlega flottum og vel menntuðum kennara sem ég lenti á. Hún er fyrrverandi dansari við Alvin Ailey dansháskólann og bæði hjálpaði mér af stað eftir meiðsli og hjálpaði mér á braut Pilates-kennarans.

En mig hafði ekki órað fyrir að Pilates-kennarar gætu verið svona færir, fullir af innsæi, þekkingu og sköpunarkrafti. Hún hvatti mig áfram í Pilates-nám sem ég lauk, en námið leggur áherslu á meiðsla-fyrirbyggingu og „evidence based exercise“.

Það eru tólf ár síðan en nú er ég byrjuð að halda sama Pilates-kennaranám á Íslandi í samstarfi við the Kane School Pilates-skólann í New York borg.“

Rómantísk áhrif Bob Dylan

Guðrún Svava er vel kunnug New York en hún var fyrst búsett þar á árunum 2009-2013 á meðan hún lagði stund á dansnám í Martha Graham dansskólanum. Hún sérhæfir sig í svokallaðri Graham-nútímaðanstækni sem þykir afar krefjandi.

„Það var gestakennari við dansskólann minn þegar ég var unglingur sem var mjög hrifinn af þessari tækni og hvatti mig til þess að læra meira í henni, en þessi tækni er ein hin tæknilega erfðasta danstækni sem til er. Síðan, eftir dansferðalag til New York og inntökuþróf við Martha Graham skólann þar sem ég fékk inngöngu, ákvað ég að slá til og hefja nám.

Valið stóð á milli das Theater-school í Amsterdam, Trinity Laban í London eða Martha Graham í New York, og ég valdi New York. Ég var undir einhverjum rómantískum áhrifum af Bob Dylan og myndum Woody Allen og meðal annars vegna djúpstæðrar andlegar tengingar við Martha Graham tæknina sem er mér mjög mikilvæg og kær.“

Fjórum árum eftir heimkomuna frá New York lá leið Guðrúnar Svövu til stórborgarinnar á nýjan leik þegar hún hóf nám í verkfræði við hinn virta Cornell-háskóla. Hún segir Cornell hafa orðið fyrir valinu bæði vegna staðsetningar og námsframboðs.

„Þetta er verkfræði-campus á miðri Manhattan en einnig tveggja ára meistaragráða með ritgerð/rannsókn og tvöfaldri gráðu. Meistararannsókn mín var í samstarfi við SP og var gerð í kringum sýrlenska og suður-súdanska



Guðrún Svava býður upp á viðurkennt kennaranám í Pilates.



Guðrún Svava er meðal annars lærður Jivamukti jógakennari.



Hér nýtur Guðrún Svava fallegs sólseturs ásamt flækingshundi á strönd í Goa-fylkinu á Indlandi.

flóttamenn og upplifanir þeirra af stafrænu viðmóti þeirra stofnana sem þeir neyðast til þess að hafa samskipti við yfirhöfuð.“

Verkfræði og dans hljómar eins og óvenjuleg blanda, hvernig fléttast þetta saman hjá þér? Er eitthvað úr dansinum/jóganu/ Pilates sem hefur reynst þér vel í verkfræðinni?

„Aðallega aginn, og það að geta þolað mikinn sársauka á líkamlegu og andlegu stigi. Dansnám er krefjandi og tekur á og það gildir um verkfræðina líka. Eitt sem ég lærði í dansinum en byrjaði að iðka allt of seint var að leyfa mér að mistakast. Ég var lengi á þeirri skoðun að fullkomin væri rétta leiðin, en sá fljótt þegar ég flutti út í nám að það myndi ekki ganga upp.

Það að fá í hendurnar rútinu, í áheyrnarprufu fyrir sýningu eða hlutverk sem þig langar mjög, mjög mikið í – ekki bara langar í heldur kannski treystir á fyrir salti í grautinn – hvernig geturðu „maximizað“ þinn „performans“ á þessari mínútu sem þú færð til að læra rútinuna og þá mínútu til þess að sýna hana – og mögulega fyrir framan erfiða dómara?

Það eru engar töfralausnir – heldur það að mistakast eins hratt og oft og maður getur. Dansari sem leyfir sér að mistakast hvað eftir annað í sporinu sem hann er að æfa er fljótari að fullkomna það en sá sem hræðist að mistakast.

Sama gildir um verkfræði, að sá sem prófar sig áfram með formúlur sér hvar hann fer villur vegar, leiðréttir sig eða reynir aðra aðferð í framhaldi – nær fljótár árangri, byggir upp taugabrautir, vöðva-mynstur, serótónín og jákvæða hegðun. Ég tala um þetta í jóga-kennslunni líka, þetta er „surfið“.

Mangótré og heilagar kýr

Guðrún Svava notast mikið við tónlist í jógatímunum sem hún leiðir. „Jóгатímarnir sem ég kenni einkennast af samblöndu jógaheimsspeki, ahimsa – (non-harming), hugleiðslu, hreyfingar og í jöfnum mæli tónlistar. Tónlist er ein beinasta leiðin til andlegrar upplyftingar og nota ég tónlistina mjög meðvitað og markvisst í jógatímunum mínum.“

Í kennslunni er farið víða. „Ég tengi einnig jóгатímana mína við sögu jóga, menningarlega sögu Indlandsskaga og pólitík í dag.“

Indland er Guðrúnu Svövu afar hjartfólgið en hún hefur heimsótt landið ótal sinnum og stefnir á fleiri ferðir. „Ég hef upplifað tvo indverska vetur og eitt indverskt monsún. Ég fór til að heimsækja vini, upplifa nýja hluti, elta draumana, jóga, tónlist og menningu.

Hvað er það sem heillar þig svona við Indland?

„Ótrúleg jarðtenging. Fólkið er salt jarðar og allt er svo frjótt. Það er allt svo lifandi og allt á rétt á sér.

Mangótréð sem svignar undan ávöxtum. Kýrnar heilögu sem ganga lausar í mörgum bæjum næla sér í sætindin sem eru í uppskeru. Það er ótrúlegt sem Íslendingur að koma inn í svona land sem er svo fjölbreytilegt í menningu, tungumálum, trú, matarmenningu.“

Ljóst er að draumar um frekari Indlandsferðir verða að biða betri tíma en austræna spekin er þó aldrei langt undan. „Bodhisattva er fyrirtækið mitt í kringum kennslu, viðburði og námskeið. Heitið kemur frá sanskrit: „A person who is able to reach nirvana but delays doing so out of compassion in order to save suffering beings,“ sem ég myndi þýða á íslensku nálægt því að vera manneskja sem sýnir öðrum verum samkennd á markvissan og meðvitaðan hátt.“

Áhugasamir um jóga og Pilates geta haft samband við Guðrúnu Svövu á Instagram undir :gudrun_svava og: bodhisattvaiceland

Átakanleg og áhrifamikil!

BARNIÐ Í GARÐINUM

Sævar Þór Jónsson
Lárus Sigurður Lárusson

1.
Metsölulisti
Eymundsson
ÆVISÖGUR
Vika 7.4-13.4.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 21. apríl 2021

16. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX

TAG Heuer

NOMOS GLASHÜTTE

TUDOR

LONGINES

TISSOT



Verið velkomin í glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Eignatengsl greind nánar Samkeppniseftirlitið vinnur nú að því að kanna betur stjórnunar- og eignatengsl í atvinnulífinu og hefur leitað til fræðimanna og annarra ráðgjafa.	Seldi fyrir tvo milljarða í Kviku Félög í eigu Guðbjargar Matthías-dóttur, aðaleigenda Ísfélagsins, hafa minnkað verulega hlut sinn í Kviku. Seldu fyrir tvo milljarða og keyptu í Símanum.	Likur á hjöðnun verðbólgu Greinendur vænta hjaðnandi verðbólgu en óvissuþættir vofa yfir. Seðlabankinn ekki líklegur til að bregðast við óhagfelldri þróun með snemmbúinni hækkun vaxta.	Samhljómur AGS og SI AGS segir umbóta þörf á vinnu-markaði svo Ísland standi betur að vígi í alþjóðlegri samkeppni og styðji við vöxt hugverkaiðnaðar í stað þess að hefta hann.	Ósanngjarnar byrðar Til að forðast megi íþyngjandi skattahækkanir kemur fátt annað til greina en aukin hagræðing og árangurstenging ríkisfjármála, segir hagfræðingur SA.
2	2	6	7	7

Umræðan byggir ekki á staðreyndum

Vandinn er að verkalýðshreyfingin hafnar efnahagslegum veruleika. Launahækkanir umfram framleiðniaukningu leiða til verðbólgu og gengisfalls. Þetta segir Þorsteinn Víglundsson, forstjóri Hornsteins. ➔4





Gengisstöðugleiki næst aðeins í gegnum breytt vinnubrögð á vinnumarkaði.

FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Gleðilegt sumar

20% afsláttur af öllum sólgleraugum í dag

*GUCCI



Íslandssjóðir fjárfestu fyrir 400 milljónir í Play

Sjóðir í stýringu Íslandssjóða, dótturfélags Íslandsbanka, lögðu hinu verðandi flugfélagi Play til jafnvirði um 400 milljóna íslenskra króna í hlutafjárútboðinu sem lauk fyrr í þessum mánuði. Eignarhlutur Íslandssjóða, samkvæmt heimildum Markaðarins, í Play verður í kjölfarið um fimm prósent.

Íslandssjóðir komu að hluta-fjárútboðinu á lokametrunum í síðustu viku, nokkrum dögum eftir að það hafði í reynd formlega klárast, en heildarstærð þess reyndist að lokum vera rúmlega 47 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um sex milljarða íslenskra króna. Félagið áformar, eins og Markaðurinn hefur áður sagt frá, að afla sér um 20 milljóna dala til viðbótar með almennu útboði samhliða skráningu á First North-markaðinn í Kauphöllinni í júní næstkomandi.

Stærstu fjárfestarnir í nýafstöðnu, lokuðu hlutafjárútboði Play, sem Arctica Finance hafði umsjón með, voru hins vegar fjárfestingafélagið Fiskisund, sem Einar Örn Ólafsson, fjárfestir og nýr stjórnarformaður Play, fer fyrir og lífeyrissjóðurinn Birta. Fjárfesting þeirra nam tæplega milljarði króna, hvors um sig.

Aðrir helstu hluthafar Play eru fjárfestingafélagið Stodir, sem skræði sig fyrir rúmlega 600 milljónum í útboðinu, tryggingafélagið VÍS og sjóðir í stýringu Akta. Eignarhlutur annarra fjárfesta sem komu að útboði Play, eins og eigenda Langasjós, sem á heildverslunina Mata og fjárfestingafélagið Brimgarða, og lífeyrissjóðsins Lífsværks var hins vegar litlu minni.

Í hópi einkafjárfesta sem bættust við hluthafahóp Play eru einnig félög í eigu Kristjáns M. Grétarssonar, eins hluthafa í Keahótelum, og bræðranna Björns Ólafssonar, framkvæmdastjóra ferðapjónustufyrirtækisins Þríhnjúkagígs, og Sigurðar Ólafssonar, framkvæmdastjóra hjá Grósku hugmyndahúsi í Vatnsmýrinni, en það er einkum í eigu fjárfestingafélagsins Novator.

Þá fjárfesti Guðmundur Þórðarson, stór hluthafi í Kviku og varaformaður stjórnar bankans, sömu leiðis í Play í útboðinu, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Á hluthafafundi Play mánudag-



Birgir Jónsson, nýr forstjóri Play.

6 milljarðar var heildarstærð hlutafjárútboðs Play.

inn 12. apríl síðastliðinn, þar sem meðal annars var kjörin ný stjórn og gengið frá ráðningu Birgis Jónssonar sem forstjóra, var samþykkt að breyta 10 milljóna dala skuldbindingu Play við eignarhaldsfélagið FEA, sem Elías Skúli Skúlason hefur einkum farið fyrir, í hlutafé. Félagið FEA er stærsti hluthafi Play eftir útboðið með um fimmtungshlut.

Í skýrslu sem var lögð fyrir hluthafafundinn kemur fram að FEA hafi fjármagnað rekstur Play með vaxtalausum lánveitingum frá því í desember 2019. Nokkrum mánuðum síðar varð FEA eigandi alls hlutafjár í Play. Við mat á því hvort verðmat þeirra greiðslna sem FEA hefur ráðstafað til Play sé í samræmi við endurgjald, var horft til virðismats á flugfélaginu. Það mat byggir á áætlunum félagsins eins og þær voru lagðar fram af stjórnendum þar sem gert er ráð fyrir að Play byrji að flytja sína fyrstu farþega síðar á þessu ári.

Play hefur þegar tryggt sér þrjár Airbus A321 leiguflugvélar til þess að hefja áætlunarflug til vinsælla áfangastaða íslenskra ferðamanna. Þá gera áætlanir Play ráð fyrir því að flugvélafloti félagsins stækki í sex til átta þotur vorið 2022 og verði kominn í yfir tíu vélar á árinu 2023.

– hae

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Höður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Við hefjum þig upp til skýja

Skráðu þig í áskrift að viðskipta- og bókhaldslausnum hjá Wise



Microsoft Dynamics 365 Business Central



Páll Gunnar Pálsson, forstjóri SKE, en niðurstaða eftirlitsins verður aðgengileg á komandi vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Vill greina eignatengsl í atvinnulífinu nánar

Samkeppniseftirlitið kannar nú stjórnunar- og eignatengsl milli fyrirtækja og hefur leitað til fræðimanna og ráðgjafa. Verkalýðshreyfingin gagnrýndi skort á eftirliti með þessum þætti. Mikilvægt til að takmarka stórar áhættur í bankakerfinu.

Samkeppniseftirlitið (SKE) hefur hrundið af stað vinnu í því skyni að greina nánar stjórnunar- og eignatengsl milli fyrirtækja í íslensku atvinnulífi.

Í skýrslu sem sérfræðingahópur verkalýðshreyfingarinnar gaf út í janúar á þessu ári, í tengslum við sölu ríkisins á Íslandsbanka, voru settar fram efasemdir um getu íslenskra eftirlitsaðila til að fylgjast með flóknum og földum eignatengslum í hagkerfinu en sá þáttur væri einna mikilvægastur til að takmarka stórar áhættuskuldbindingar í bankakerfinu og lán til tengra aðila. Í hópi þeirra sem stóðu að skýrslunni var Guðrún Johnsen, lektor við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn og efnahagsráðgjafi VR, en hún er nú á meðal þeirra sem Samkeppniseftirlitið hefur leitað til vegna þessarar vinnu.

Í svari við fyrirspurn Markaðarins um málið segir Samkeppniseftirlitið að það sé núna með í undirbúningi að taka saman heildstæðar upplýsingar um eftirlit og aðgerðir er varða stjórnunar- og eignatengsl á undanliðnum árum.

Þá segist Samkeppniseftirlitið einnig vera að leita leiða til að

» Samkeppniseftirlitið er að leita leiða til að styrkja yfirsýn yfir stjórnunar- og eignatengsl í íslensku atvinnulífi.

styrkja yfirsýn yfir stjórnunar- og eignatengsl, til viðbótar og fyllingar við það eftirlit og aðgerðir sem birst hafa í ákvörðunum stofnunarinnar. „Við þessa vinnu er eftirlitið að leita til annarra stofnana sem búa yfir upplýsingum um eða fylgjast með atvinnulífinu. Jafnframt hefur eftirlitið leitað til fræðimanna sem hafa skoðað þessi mál, auk annarra ráðgjafa, til dæmis á sviði hugbúnaðar,“ segir í svari Samkeppniseftirlitsins. Á meðal þeirra stofnana sem óskað hefur verið eftir upplýsingum frá að undanförunu er Seðlabankinn.

Að sögn eftirlitsins er gert ráð fyrir því að „niðurstaða og framvinda þessarar vinnu verði gerð aðgengileg á komandi vikum.“

Í 8. grein laga um Samkeppniseftirlitið er meðal annars kveðið á um að eitt af meginhlutverkum þess sé að „fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl

á milli fyrirtækja.“ Þetta skuli gert til að meta hvort í viðskiptalífinu sé að finna „einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geta samkeppni.“

Í fyrrnefndri skýrslu sérfræðingahóps verkalýðshreyfingarinnar var gagnrýnt að ekki væri að finna neinar útgáfur um þennan þátt Samkeppniseftirlitsins, eins og kveðið væri á um í lögum, síðan frá því í maí 2001.

„Fjármálaeftirlitið virðist ekki standa Samkeppniseftirlitinu þar frammar, sem þó hefur skýra laga-skyldu til að halda úti reglulegri skýrslugjöf, sem ekki hefur verið sinnt. Skortur á skýrslum Samkeppniseftirlitsins um þennan þátt ætti einnig að standa Fjármálaeftirlitinu fyrir þrifum hvað eftirlit með krosseignatengslum, lánnum til tengdra aðila og stórum áhættuskuldbindingum, áhrærir,“ sagði í skýrslunni.

Ein af helstu breytingunum sem hafa verið gerðar á regluverki um starfsemi fjármálafyrirtækja í kjölfar falls bankanna 2008 er að búið er að herða verulega á kröfum til virkra eigenda og takmarka mjög útlán til þeirra og tengdra aðila. hordur@frettabladid.is

Seldi fyrir yfir tvo milljarða í Kviku

Félög í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur og fjölskyldu, aðal-eigenda Ísfélagsins í Vestmannaeyjum, minnkuðu verulega eignarhlut sinn í Kviku í byrjun síðustu viku þegar hún seldi í einum viðskiptum bréf í bankanum fyrir jafnvirði rúmlega tveggja milljarða og keypti á sama tíma í Símanum fyrir um milljarð.

Viðskiptin fóru fram fyrir opnun hlutabréfamarkaða síðastliðinn mánudag en hluturinn sem var seldur í Kviku, samtals 100 milljónir hluta að nafnverði sem jafngildir um tveggja prósentu eignarhlut í bankanum, hafði verið í gegnum framvirka samninga hjá Íslandsbanka, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Salan í Kviku kemur skömmu eftir að samruninn við TM gekk formlega



Guðbjörg Matthíasdóttir, aðal-eigandi Ísfélags Vestmannaeyja.

í gegn undir lok síðasta mánaðar, þar sem hluthafar TM fengu greitt með bréfum í Kviku, en Guðbjörg hafði verið einn stærsti hluthafi TM um nokkurt skeið.

Þrátt fyrir sóluna er hins vegar ljóst að Guðbjörg fer enn með umtalsverðan hlut í sameinuðu félagi Kviku og TM, bæði í gegnum félögin ÍV fjárfestingafélag og Kristinn ehf. – samanlagt fara þau félög með meira en eins prósent hlut í Kviku – og eins framvirka samninga. Á meðal þeirra fjárfesta sem

keyptu stóran hluta bréfanna í Kviku af Guðbjörgu í viðskiptunum í liðinni viku voru sjóðir í stýringu Akta.

Fram kom í kynningum stjórnenda TM og Kviku, þegar samruninn var samþykktur af hluthöfum undir lok marsmánaðar, að áhrif vegna bæði tekju- og kostnaðarsamlegðar séu talin geta numið allt að 3 milljörðum króna. Hlutabréfaverð Kviku hefur hækkað mikið á síðustu vikum og mánuðum – frá áramótum nemur hækkunin 26 prósentum – en markaðsvirði félagsins er í dag um 102 milljarðar.

Með kaupum Guðbjargar á sama tíma í Símanum fyrir um milljarð króna, sem jafngildir um 1,3 prósent hlut, eru félög í hennar eigu komin í hóp tuttugu stærstu hluthafa fjarskiptarisans. – hae

LARSON ÁLKLÆÐNINGAR



Með samsettu Larson áklæðningunum frá Alucoil færð þú það sem þú ert að leita að - slétta áklæðningu sem lítur ekki út eins og sjórekin olíutunna.

Larson áklæðningarnar sameina styrk, léttleika og umfram allt eru þær sléttar.

Helstu kostir:

- Eldþolnar
- Léttar og sléttar
- Einstakt veður- og efnaþol
- Burðarkerfi sem henta mismunandi verkefnum
- Hávaða- og hitaeinangrun
- Umhverfisvænar (endurvinnanlegt efni)
- Fjöldi lita og efnisáferða
- Allt að 20 ára ábyrgð

CE - merkt framleiðsla



IDEX
idex.is - sími: 412 1700

IDEX IÐNAÐAR- OG BÍLSKÚRSHURÐIR



Iðnaðar- og bílskúrshurðir úr áli



CE - merkt framleiðsla

- yfir 30 ára reynsla á Íslandi
- hurðir úr áli — engin ryðmyndun
- hámarks einangrun
- styrkur, gæði og ending — langur líftími

- háprúð tækni og meira öryggi
- möguleiki á ryðfríri útfærslu
- lægri kostnaður þegar fram líða stundir

Sveigjanlegar lausnir og fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga.

Byggðu til framtíðar
með hurðum frá Idex

IDEX
idex.is - sími: 412 1700



„Það var sárt á sínum tíma að missa fyrirtækið,“ segir Þorsteinn. „En það er ekki heilbriggt að lifa í fortíðinni eða horfa sífellt til baka til einhvers sem ekki er hægt að breyta.“ FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Forystan hafnar efnahagslögmálum

Verkalýðshreyfingin hafnar efnahagslegum veruleika í kjaraviðræðum, segir forstjóri Hornsteins. Stöðugleiki krónu eða upptaka evru byggir á því að launahækkarnir séu í takt við svigrúm. Byggingargeirinn hafi sjaldan lent jafn mjúklega í niðursveiflu.

Helgi Vífill
Júliusson
helgivifill@frettabladid.is



Umræða verklýðshreyfingarinnar byggir ekki á gögnum eða staðreyndum heldur oft tilfinningahlöðnum staðhæfingum.

Byggingargeirinn hér á landi sveiflast á tvöföldum eða þreföldum hraða á við hagsveifluna. Þrátt fyrir mikinn samdrátt í efnahagslífinu á undanfórnum þrettán mánuðum er íbúðamarkaður í meira jafnvægi en oft áður. Þetta segir Þorsteinn Víglundsson, forstjóri Hornsteins, móðurfélags BM Vallar, Sementsverksmiðjunnar og Björgunar. „Sjaldan hefur byggingargeirinn lent jafn mjúklega í niðursveiflu og nú,“ segir hann. Hagkerfið dróst saman um tæp sjö prósent á árinu 2020 sem rekja má til COVID-19 heimsfaraldursins en Seðlabankinn hefur sagt að byggingargeirinn hafi ekki orðið fyrir miklum skakkaföllum og fjöldi starfa haldist nokkuð stöðugur síðustu misseri.

Bremsuförin ná aftur til 2018

„Mikið var byggt af íbúðum á árinu 2018 og inn á árið 2019 en verktakar drógu úr framkvæmdum þegar þeir tóku að merkja að hagkerfið væri farið að kólna síðla árs 2018. Það má því segja að bremsuförin ná aftur til ársloka 2018 en nú sjást skýr merki um vöxt á nýjan leik,“ segir Þorsteinn.

Afhverju segir þú að byggingarmarkaðurinn sé í meira jafnvægi en oft áður?

„Horft til fjölda íbúða í byggingu miðað við lýðfræðilega þróun hefur jafnvægið verið óvenju gott undanfarin ár. Það hafa verið framleiddar um tvö þúsund íbúðir að meðaltali á ári undangengin ár á höfuðborgarsvæðinu sem er í samræmi við

árlega þörf. Nú eru um 4.600 íbúðir í byggingu eða sem nemur liðlega tveggja ára þörf.

Það er ekkert launungarmál að það er mikil spennan á markaðnum. Hún helgast af vaxtalækkun Seðlabankans og eftirspurnarhlíðrun. Það tekur tíma að aðlagast breyttum aðstæðum. Við þær aðstæður þurfa verktakar að hafa varann á. Sú hliðrun á eftirspurn þarf ekki að tákna að neyslunynstrið hafi breyst varanlega. Það má færa rök fyrir því að ungt fólk komi fyrr inn á íbúðamarkaðinn en ella í ljósi vaxtalækkana en til lengdar ræður fólksfjöldapróunin sem hefur lítið breyst.

Aukin sókn fyrstu kaupenda hefur leitt til þess að leiguverð hefur farið lækkanði. Það þarf þó að hafa í huga að stýrivextir verða ekki 0,75 prósent til lengdar. Verðbólga er rúmlega fjögur prósent. Í því ljósi mun Seðlabankinn ekki halda vöxtum svo lágun lengur en nauðsyn krefur vegna heimsfaraldursins. Þegar hagkerfið fer að sýna merki um vöxt á nýjan leik er viðbúið að stýrivextir hækki þótt vonandi verði vaxtatstigið lægra en verið hefur hér á landi. Fólk ætti að varast of mikla skuldsetningu við íbúðakaup við þessar kringumstæður.

Að þessu sögðu er ánægjulegt að sjá – en ég kom að þeirri vinnu þegar ég var framkvæmdastjóri Samtaka

Kolefnishlutlaus árið 2030

Hornsteinn stefnir á að starfsemin verði kolefnishlutlaus árið 2030. „Á heimsvísu eru 35 til 40 prósent af kolefnisfótspori heimsins frá byggingariðnaði. Það má að miklu leyti rekja til sements- og stáliðnaðar. Það verður mikil áskorun fyrir okkur að verða kolefnishlutlaus árið 2030. Við höfum ekki kortlagt alla leiðina að markmiðinu en teljum okkur sjá til lands með 60 prósent af núverandi losun.“

Hvernig hyggist þið draga úr losun kolefnis?

„Þetta er langhlaup þar sem ráðist er að öllum póstum. Stór þáttur er sementið sjálft. Við horfum til þess að skipta yfir í sement með lægra kolefnisspori

en er nýtt í dag. Birgirinn okkar í Noregi tekur þátt í einu stærsta niðurdælingarverkefni á koltvísýringi í norðanverðri Evrópu sem mun helminga kolefnisspor framleiðslunnar. Þetta snýr einnig að því magni af sementi sem verið er að nota. Það þarf að huga meira að kolefnisspori þegar verið er að hanna og byggja húsnæði án þess þó að farna gæðum. Við höfum ekki aðlagð hönnun mannvirkja nægjanlega þeim kröfum sem loftlagsmálin gera til okkar. Við munum einnig draga úr kolefnissporinu með orkuskiptum í flutningum, til dæmis með vetni. Þróunin á því sviði er hröð. Okkur tókst að minnka kolefnissporið um tæp 5 prósent á síðasta ári.“

atvinnulífsins og þann stutta tíma sem ég var félagsmálaráðherra – að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eiga í betra samstarfi um skipulag og lóðaframboð en áður. Í skipulagsáætlun kemur fram hvert framboðið þeirra á lóðum er til ársins 2024. Ég vonast til að það dragi úr sveiflum.“

Róttin er vinnumarkaðurinn

Hvað er hægt að gera til draga úr sveiflum í byggingargeiranum?

„Grunnvandinn er sá að hagkerfið er of sveiflukennt. Jafn miklar sveiflur þekkjast ekki á öðrum Vesturlöndum. Gjaldmiðillinn ykir sveiflurnar, krónan hefur tilhneigingu til að styrkjast um of í uppsveiflu og falla hratt í niðursveiflu, en röt vandans liggur á vinnumarkaði. Frá þjóðarsáttinni fyrir um þremur áratugum hafa laun hérlandis hækkað riflega tvö-

stjórnninni því launahækkarnir voru langt umfram framleiðaukningu. Þess vegna sat Seðlabankinn uppi með þann Svarta-Pétur að reyna að halda verðbólgu í skefjum með því að beita stýrivöxtum. Það gekk ekki vel.

Lítið til baka, röskum áratug eftir hrun, erum við að gera sömu mistök: Ríkisútgjöld hafa þanist út í góðæri og launahækkarnir hafa verið með svipuðum hætti og þær voru áratuginn í aðdraganda bankahruns. Við virðumst því lítið hafa lært.

Tvennt hefur þó breytt miklu frá þeim tíma. Annars vegar nálgast Seðlabankinn hlutverk sitt með öðrum hætti því hann beitir fleiri tækjum til að stemma stigu við verðbólgu en stýrivöxtum. Hins vegar skipti gjaldeyrisöflun ferðapjónustu sköpum. Ferðapjónustan dró hagkerfið upp úr kreppu eftir bankahrunið og skaut nýjum fæti undir gjaldeyrisköpun fyrir þjóðarbúið. Sú gjaldeyrisköpun leiddi til jákvæðs viðskiptajöfnuðar sem gerði það að verkum að svigrúm skapaðist fyrir launahækkarnir. Aftur á móti reyndust þær hækkarnir ferðapjónustunni þungbærar. Það má spyrja sig hve sjálfbær viðskiptajöfnuðurinn er ef atvinnugreinin, sem á mestan þátt í að skapa hann, er sjálf rekin með tapi. Það er óljóst hver samkeppnishæfni hennar er nú enda hefur ekki reynt á hana í þrettán mánuði vegna COVID-19.“

Launaskrið vegur að krónu

Fyrst þú nefnir gjaldmiðilinn. Ef við værum með evru hefði verkalýðshreyfingin orðið að horfa upp á aukid atvinnuleysi samhliða hratt hækkanði launum. Hefði það komið henni betur í skilning um samhengi hlutanna?

„Vandinn er alltaf sá sami: Þegar það er ekki sameiginleg sýn á vandann verða ekki stigin skref til að leysa hann. Verkalyðshreyfingin hafði frumkvæði að því að hefja svokallaða SALEK-vinnu til að leiða fram sambærilegt vinnumarkaðslikan og á hinum Norðurlöndunum. Það gekk ekki eftir.

Hvert Norðurlandanna nálgast viðfangsefnið á ólíkan máta. Finnar og Danir með fastgengi og Norðmenn og Svíar með fljótandi. Danir tóku upp fastgengisstefnu árið 1985 og festu dönsku krónuna við þýskt mark og síðar evru. Það er skýrt af hálfu danska seðlabankans að ef launahækkanir fara úr böndunum verður stuðningi við fastgengisstefnuna hætt. Fastgengisstefnan byggir því á ábyrgð vinnumarkaðar. Danir tóku vinnumarkaðslikan sitt í gegn þegar fastgengisstefnu var komið á fót. Hið sama gerðist í Nor-egi og Svíþjóð í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar og Þjóðarsáttin okkar var tilraun til þess sama sem við höfum þó aldrei lokið. Gengisstöðugleiki þessara landa hvílir á ábyrgum vinnumarkaði.

Hér á landi var tekin upp fastgengisstefna árið 1989 sem upptaktur að þjóðarsáttinni. Fastgengisstefnan var varin af vinnumarkaðnum á fyrri hluta tíunda áratugarins. Launahækkanir langt umfram svigrúm á seinni hluta hans grófu undan fastgenginu og verðbólgu-markmið var tekið upp. Á tíma verðbólgu-markmiðs hefur meðal-verðbólga verið hátt yfir markmiði og gengið haldið áfram að veikjast svo enn tekst okkur ekki að finna stöðugleika. Ísland verður að hafa krónu á meðan vinnumarkaðurinn hagar sér með jafn óábyrgum hætti og raun ber vitni. Gengisstöðugleiki næst aðeins í gegnum breytt vinnubrögð á vinnumarkaði.

Það má búast við því að minni hagkerfi sveiflist meira en þau stærri. Hins vegar er hagkerfið okkar orðið mun betur í stakk búið til að mæta einstaka sveiflum enda stöðirnar orðnar fleiri, má þar nefna ferðaþjónustu, orkusækinn iðnað og hugverkaíðnað og sjávarútvegur er stöðugri en hann var fyrir fjórum áratugum sem rekja má til kvótakerfisins.

Höfum í huga að atvinnulífið hefur ríka hagsmuni af því að kaupmáttur almennings aukist. Helmingur af hagkerfinu byggir á þjónustu hvert við annað. Hagsmunir atvinnulífsins og heimila eru því samtvinnuðir. Kaupmáttaraukning fæst með því að hagkerfið verði stöðugra. Það fer mikil orka og soun í að takast á við miklar sveiflur í hagkerfinu. Atvinnulífið er ýmist í störsókn eða að sleikja sárin eftir dýfu. Sveiflurnar torvelda langtímaáætlanir, draga úr fjárfestingu og þar með aukinni framleiðni sem er forsenda þess að fyrirtæki geti hækkað laun. Að sama skapi standa

Miklar brotalamir í skipulagsmálum og stjórnsýslu

Á áratug þarf Hornsteinn að flytja meira og minna alla starfsemi samsteypunnar vegna áforma um uppbyggingu nýs hverfis á Höfðanum. Auk þess þarf að flytja starfsemi sem er í Garðabæ og Akranesi fyrir árið 2030. „Þetta er stórt verkefni,“ segir Þorsteinn. Framkvæmdir hófust að hluta í haust við að flytja Björgun frá Sævarhöfða að Álfsnesvík sem er skammt frá Esjumelum. Sú starfsemi mun hefjast í haust. Viðræður standa yfir við Reykjavíkurborg um að færa BM Vallá, sem hefur verið á núverandi stað í meira en hálfa öld, að Esjumelum. „Það vill enginn hafa steypustöð í bakgarðinum,“ segir Þorsteinn og nefnir að vonandi verði stigin skref í þá átt eftir þrjú til fjögur ár. „Viðræður við Reykjavíkurborg um nýja lóð fyrir Björgun varpa ljósi á miklar brotalamir í skipulagsmálum og stjórnsýslu. Ferlið hefur tekið allt of langan tíma eða nærri sjó ár en hefði vart þurft að taka lengri tíma en

þrjú. Engu að síður voru ekki átök um hvert fyrirtækið ætti að fara og samstarfið við Reykjavíkurborg um margt gott. Hve langan tíma þetta hefur tekið er hins vegar óásættanlegt. Skipulagsmál hér á landi eru orðin svífaseint skrímsli sem standa hagvexti fyrir þrifum. Kerfið ræður illa við þær kröfur sem það hefur sett sér og afgreiðsla mála tekur því allt of langan tíma. Við heyrum sífellt fleiri dæmi um fyrirtæki í sömu sporum og við. Þetta regluverk verður að einfalda.

Vinnan við að færa Björgun hófst árið 2016. Það var ljóst í upphafi hvaða staðir kæmu til álita og fór fram kostagreining á fimm eða sex staðsetningum. Premur árum síðar rann leigusamningur við fyrirtækið út en enn var ekki komið leyfi fyrir nýrri staðsetningu. Á sama tíma þurfti auk þess að endurnýja námaleyfi. Margt skýrir þessar tafir. Vinna við aðalskipulag og umhverfismat tók langan tíma. Við lentum

í átökum við Minjastofnun seint í ferlinu þrátt fyrir að hafa átt gott samráð við stofnunina í upphafi þess og vinna Orkustofnunar við ný námaleyfi hefur dregist langt úr hófi.

Við lögðum alla tíð mikið upp úr því að vanda til allra þátta enda um fjárfestingu upp á 1,5 milljarða króna að ræða. Það hversu langan tíma svona fjárfestingarferli tekur ætti að vera stjórnvöldum áhyggjefni. Það örvar ekki fjárfestingu hér á landi. Ekkert fyrirtæki eins og Björgun hefði þolað það að missa lóð sína í tvö ár án þess að hafa sterkan bakhjarl. Flest fyrirtæki hefðu orðið gjaldþrota við þessar aðstæður. Meira en helmingur af starfsemi Björgunar byggir á því að hafa lóð til að vinna efni á. Þegar Björgun missti lóðina hvarf sú starfsemi eins og dögg fyrir sólu. Blessunarlega voru fleiri stöðir undir rekstrinum og okkur tókst að spila þolanlega úr stöðunni,“ segir Þorsteinn.

Það á ekki að beita pólitík í vinnudeilum né vinnudeilum á pólitík.

þessar miklu sveiflur nýsköpun fyrir þrifum.

Taka má þetta dæmi til útskýringar um kosti stöðugs efnahagslífs: Þegar lagt er af stað á árabát er gott að halda stefnu: ekki alltaf að róa með hægri og svo vinstri á víxl.“

Krónan í öndunarvél
Krónan hefur ekki fallið í þessari kreppu eins og alla jafna í kreppu?
„Seðlabankinn heldur henni í öndunarvél. Það er skynsamt enda býr hann að miklum gjaldeyrisforða og engin ástæða til að leyfa krónunni að sökkva eins og steini á meðan ferðaþjónustunnar nýtur ekki við á tímum COVID-19. Seðlabankinn hefur gefið til kynna að það séu takmörk fyrir að hve miklu leyti hann getur beitt sér með þessum hætti. Þegar ferðaþjónustan fer af stað á nýjan leik þarf að reyna á jafnvægisgengið. Það mun þó ekki reyna á það fyrr en á miðju næsta ári þegar við erum vonandi komin í þann veruleika sem tekur við þegar bólusetningum gegn COVID-19 lýkur, hvort sem faraldurinn verður

að baki eða við verðum að lifa með honum með einhverjum hætti.“

Vaxandi launakostnaður
Þorsteinn segir að á fyrstu þremur mánuðum þessa árs hafi launakostnaður fyrirtækja aukist um tíu prósent á milli ára en laun hafi verið hækkuð í apríl síðastliðnum og við upphaf árs. „Slíkar hækkanir leiða til þess að lengri tíma tekur að vinna bug á atvinnuleysisinu. Verkalýðshreyfingin neitar að horfast í augu við það.“

Tilfinningahlaðnar staðhæfingar
Fráfarandi forstjóri Domino's á Íslandi sagði í Markaðnum fyrir viku að Samtök fyrirtækja á veitingamarkaði hefðu látið KPMG vinna skýrslu um rekstrarumhverfi veitingageirans á Íslandi í samanburði við hin Norðurlöndin. Drífa Snædal, forseti ASÍ, sagði að þau gögn hefðu enga vigt í hennar huga?
„Umræða verkalýðshreyfingarinnar byggir ekki á gögnum eða staðreyndum heldur oft tilfinningahlöðnum staðhæfingum. Athygli vekur að það virðist ekki ríkja traust eða gagnkvæmur skilningur á bak við tjöldin. Auðvitað eru átök á vinnumarkaði að einhverju leyti sýning.“

Þú ættir að þekkja það frá því þú varst þingmaður; það þarf að segja eitt og annað opinberlega?

„Stjórnmálin þurfa að tala inn í sinn hóp og vinnumarkaðurinn þarf að gera það líka. Auðvitað skilur maður það.

Þegar ég starfaði sem framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins náðist gott samtal við samninga-

borðið á endanum. Það gátu orðið hörð átök en það náðist að leysa úr ágreiningnum. Sú staða er ekki fyrir hendi í dag. Mikið vantraust ríkir á milli aðila. Athygli vekur að það ríkir ekki síður vantraust innan verkalýðshreyfingarinnar.“

Þorsteinn bendir á að VR og Verkalýðsfélag Akraness hafi boðað málaferli gagnvart ASÍ og Samtökum atvinnulífsins vegna breytinga á lífeyrisgreiðslum. „Þetta er sérkennileg staða.“

Stjórn málin haldi að sér höndum
Þorsteinn var þingmaður fyrir Viðreisn á árunum 2016 til 2020 og félags- og jafnréttismálaráðherra árið 2017. Hann bendir á að á hinum Norðurlöndunum sé það viðurkennt að stjórn málin eigi ekki að skipta sér af vinnumarkaðsmálum. „Ég held að stjórn málin hér skipti sér of mikið af vinnumarkaðsmálum. Aðgerðir af hálfu stjórnvalda eru of samtvinnaðar kjarasamningsviðræðum. Listinn sem stjórnvöld eiga að vinna í tengslum við slíka samninga er sífellt að lengjast. Það er ekki heilbriggt til lengri tíma. Það á ekki að beita pólitík í vinnudeilum né vinnudeilum á pólitík.“

Sárt að missa fyrirtækið
Að allt öðru. Fjölskylda þín missti BM Vallá eftir hrunið. Það er sárt að missa fyrirtækið sitt. Stóðst það væntingar fyrir þig persónulega að hefja aftur störf hjá fyrirtækinu eða setur það strik í reikninginn að fjölskyldan er ekki á meðal hluthafa?
„Það var sárt á sínum tíma að missa fyrirtækið, gríðarlegt áfall. En það er ekki heilbriggt að lifa í

fortíðinni eða horfa sífellt til baka til einhvers sem ekki er hægt að breyta. Ég hóf störf hjá Hornsteini í fyrstu bylgju COVID-19. Skrifstofan var lokuð, einungis einn starfsmaður var á skrifstofunni með mér. Aðrir unnu heima hjá sér. Mér fannst ómögulegt að byrja hjá fyrirtækinu aftur eftir tíu ára hlé og vera heima í fjarvinnu. Ég man vel eftir tilfinningunni þegar ég hélt heim eftir fyrsta daginn. Það var líkt og ég hefði aldrei farið. Fyrirtækið á stóran hlut í hjarta mínu; ég ólst hér upp, var í sumarstörfum og stýrði því við hlið föður míns í hartnær áratug. Ég er ekki bitur þótt við höfum misst fyrirtækið. Það var sárt en um leið mikil reynsla.“

Horfir þú til þess að eignast hlut í fyrirtækinu?

„Nei, ég er launamaður og mjög sáttur við að starfa hjá Hornsteini. Eignarhaldið er traust og gott.“

Þýski sementsframleiðandinn Heidelberg Cement á 53 prósentu hlut í samstæðunni á móti hópi íslenskra fjárfesta.

BM Vallá er langstærsta dótturfélag samstæðunnar sem myndar Hornstein. Félagið velti sex milljörðum árið 2019, Sementsverksmiðjan 1,3 milljörðum króna og Björgun 1,1 milljarði. BM Vallá framleiðir steypu, hellur, einingar og múr og vinnur vikur. Sementsverksmiðjan flytur inn sement. Björgun framleiðir fylliefni úr námum í sjó og á landi.

Engin vaxtaberandi lán
Hvernig gekk reksturinn á árinu 2020?

„Hann gekk vonum framar jafnvel þótt reksturinn hafi dregist saman annað árið í röð sökum minni umsvifa í byggingariðnaði. Við nutum góðs af því að samstæðan er sterk og er ekki með vaxtaberandi lán.

Við höfum orðið að gæta aðhalds í rekstri á undanförunum árum og aðlaga reksturinn breyttu umfangi. Við seldum eldri tækjabúnað og fækkuðum starfsfólki, fyrst og fremst með því að stöðva nýráðningar. Aðhaldsaðgerðir leiddu til þess að afkoman var með svipuðum hætti og á árinu 2019.

Það var ánægjuleg niðurstaða því við óttuðumst í upphafi síðasta árs að markaðurinn yrði fyrir miklum skelli vegna COVID-19. Byggingarverktakar kipptu enda að sér höndum á fyrstu vikum faraldursins en stýrivaxtalækkanir Seðlabankans höfðu mikil og jákvæð áhrif á síðari hluta ársins,“ segir Þorsteinn.

Tekjur samstæðunnar drögust saman úr 8,4 milljörðum króna árið 2018 í 7,5 milljarða króna, eða um ellefu prósent. Fyrirtækið hagnaðist um 1.352 milljónir króna árið 2018 en 705 milljónir króna árið 2019. Arðsemi eiginfjár var 15 prósent á árinu 2019 en eiginfjárlutfallið var 81 við lok árs þess árs.



Vara mánaðarins

Verð frá:

483,800 kr



Hjelle

Modell 711

Hönnun Fredrik A. Kayser

Hægindastóll sem stendur tímans tönn. Hannaður árið 1960. Þessi dásamlegi stóll er margverðlaunaður fyrir klassíska hönnun sína og er þægilegur jafnt sem einstakur.



Nafni Borgunar var breytt í Salt Pay eftir sölu fyrirtækisins í fyrra.

Salt Pay sagði upp 50 manns

Síðasta hópuppsögn færsluhirðisins Salt Pay, sem áður gekk undir nafninu Borgun, náði til ríflega 50 starfsmanna samkvæmt heimildum Markaðarins.

Greint var frá uppsagnahrinunni í fyrradag en samkvæmt tilkynningu frá Salt Pay hafði ákvörðunin áhrif á „talsverðan fjölda starfsfólks en þó aðallega þá sem störfuðu við að þróa og viðhalda eldra greiðslukerfi Borgunar.“

Alþjóðlega greiðslumiðlunarfyrirtækið Salt Pay gekk frá kaupum á Borgun í mars 2020 og hóf uppstillingu á starfsemi. Í ársreikningi félagsins fyrir árið 2019 kom fram að starfsmannafjöldi þess á árinu hefði að meðaltali verið 138.

Sem fyrr segir náði hópuppsögnin til ríflega 50 starfsmanna en við það bætast um 50 uppsagnir á síðasta ári. Má þvíætla að minnst 100 starfsmönnum hafi verið sagt upp hjá Salt Pay frá byrjun síðasta árs. Áftur á móti hefur Salt Pay sagst hafa ráðið tugi starfsmanna á tímabilinu.

» Ætla má að minnst 100 starfsmönnum hafi verið sagt upp hjá Salt Pay frá byrjun síðasta árs.

Eins og greint var frá í Markaðinum greiddi Salt Pay 27 milljónir evra, jafnvirði um 1,2 milljarða króna, fyrir 96 prósentu hlut í Borgun, sem var í meirihlutaeigu Íslandsbanka, en við undirritun kaupsamnings átti verðið að vera 35 milljónir evra. Þannig lækkaði kaupverðið um 8 milljónir evra vegna þeirra neikvæðu efnahagsáhrifa sem kórónaveirufaraldurinn hefur haft á rekstur félagsins.

Ekki var samstaða um söluna til Salt Pay, sem er meðal annars í eigu Ali Mazanderani, stjórnarmanns í Creditinfo, í stjórn Borgunar. Sumir stjórnarmenn töluðu fyrir því að breyta starfsleyfi Borgunar úr því að vera lánafyrirtæki, sem felur í sér meiri íþyngjandi eiginfjákröfur af hálfu Fjármálaeftirlitsins, yfir í greiðslustofnun, rétt eins og Valitor gerði í ársbyrjun 2020. – þfh

Líkur á að verðbólga hjaðni en óvissuþættirnir vofa yfir

Grunnsviðsmynd greinenda gerir ráð fyrir hjaðnandi verðbólgu en ýmsir óvissuþættir geta flækst fyrir til skamms og langs tíma. Seðlabankinn ekki sagður líklegur til að bregðast við óhagfelldri þróun með snemmbúinni hækkun vaxta. Má að miklu leyti rekja til þátta sem vextir bankans hafa lítil áhrif á.

Þrátt fyrir að spár greinenda geri ráð fyrir að verðbólgan leiti aftur niður í verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands geta ýmsir óvissuþættir orðið til þess að hún verði erfið viðureignar fyrir bankann.

„Það hefur komið mörgum á óvart hversu seig verðbólgan er. Margt af því sem liggur að baki mætti flokka sem einskiptisliði en aðrir þættir eins og til að mynda vaxandi launakostnaður hérlandis valda áhyggjum til lengri tíma lítið,“ segir Valdimar Ármann, forstöðumaður eignastýringar Arctic Finance.

Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysliverðs hækkað um 4,3 prósent. Mars var þriðji mánuðurinn í röð þar sem verðbólga var yfir efri vikmörkum verðbólgu markmiðs Seðlabankans.

Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans, telur líklegast að verðbólgan muni hjaðna á næstu mánuðum og verði komin niður í 2,5 prósentu markmið Seðlabankans í lok þessa árs eða byrjun næsta.

„En hún gæti tekið beygjur á leiðinni. Það eru ýmsir óvissuþættir sem gætu haft áhrif á þessa þróun,“ bætir Daníel við. Á meðal þeirra er þróun verðbólgu erlendis, sérstaklega í Bandaríkjunum, sem gæti smitast hingað til lands í gegnum verðlag innfluttra vara. „Þetta eru þó tímabundnir þættir vegna truflana í framleiðslu og hækkandi flutningskostnaðar. Þegar COVID-áhrifin hafa gengið yfir ætti ástandið að verða eðlilegt á ný.“

Þá gæti aukinn þrýstingur á húsnæðismarkaði valdið því að verðbólgan verði þrálátari en Seðlabankinn myndi vilja. Helstu kraftarnir sem toga verðbólguna niður eru hins vegar gengisstyrking krónunnar frá áramótum og framleiðslulaki í hagkerfinu.

Aðspurður segir Daníel þó ólíklegt að Seðlabankinn hækki vexti á allra næstu mánuðum til að bregðast við óhagfelldri verðbólguþróun.

„Óvissuna má að miklu leyti rekja til þátta sem vextir Seðlabankans hafa lítil áhrif á, svo sem innflutta verðbólgu og olíuverð. Seðlabankinn getur notað vaxtahækkanir til að kæla fasteignamarkaðinn en hann hefur einnig önnur tól, eins og að þrengja lántökuskilyrði. Það væri óskynsamlegt að hækka vexti áður en hagkerfið er komið út úr samdráttarskeiðinu,“ segir Daníel.

Valdimar segir það athyglisvert að Seðlabankinn virðist hafa meiri áhyggjur af þenslu hagkerfisins í



Seðlabankinn virðist hafa meiri áhyggjur af þenslu í framtíðinni en kólnun hagkerfisins í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Verðbólga í vegi fyrir magnbundinni íhlutun

Í síðustu fundargerð peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands ræddi nefndin heimild bankans til kaupa á skuldabréfum ríkissjóðs á eftirmarkaði. Þar kom fram að þróun verðbólgunnar væri ein af ástæðunum fyrir því að bankinn hefði ekki nýtt heimildina í meiri mæli.

„Í ljósi þess að verðbólga væri enn yfir markmiði væri ekki ráðlegt að bankinn beitti sér af krafti á skuldabréfamarkaði,“ segir í fundargerðinni. Halli á

ríkissjóði hefði einnig verið minni í fyrra en búist var við í upphafi faraldursins og því hefði verið minni þörf á skuldabréfa-kaupum bankans. Hins vegar væri útlit fyrir aukinn halla á ríkissjóði á þessu ári og því væri mikilvægt að fylgjast áfram náið með þróuninni á skuldabréfamarkaði.

„Hjaðni verðbólga að markmiði gæti skapast svigrúm til kröftugri innkomu bankans ef þörf verði á.“

framtíðinni heldur en kólnun þess í dag, sem birtist meðal annars í atvinnuleysistölum.

„Seðlabankinn hefur sífellt minnt á að hann geti þurft að hækka vexti og itrekað bent á að bankinn og stjórnvöld geti ekki bæði stigið samtímis á bensingjöfina. Seðlabankinn og stjórnvöld hljóta að geta gengið að einhverju leyti í takt en ekki unnið á móti hvort öðru alltaf.“

Verðbólguvæntingar hafa verið að stíga upp á við jafnt og þétt frá áramótum. Vorkannanir Gallup benda til þess að stjórnendur fyrirtækja vænti 3 prósentu verðbólgu að ári liðnu og að heimili búist við 4 prósentu verðbólgu.

Í síðustu fundargerð peninga-

stefnunefndar kom fram að nefndarmenn hefðu áhyggjur af því að verðbólguvæntingar hefðu hækkað lítillega þótt of snemmt væri að álykta um hvort kjölfesta þeirra við verðbólgu markmið bankans hefði veikt.

Væntingar stjórnenda fyrirtækja um meðalverðbólgu á næstu fimm árum hækkuðu einnig, um 0,3 prósentustig, og námu 2,8 prósentum. Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði til fimm og tíu ára hefur jafnframt þokast upp.

„Það sem vekur sérstaka athygli á skuldabréfamarkaðnum er að verðbólguvæntingar til lengri tíma hafa hækkað meira heldur en væntingar til skemmri tíma. Það gæti valdið Seðlabankanum ein-

Það væri óskynsamlegt að hækka vexti áður en hagkerfið er komið út úr samdráttarskeiðinu.

Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans

hverjum áhyggjum. Engu að síður eru væntingarnar ekki komnar fram úr sér og eru til að mynda enn undir núverandi ársverðbólgu sem sýnir að markaðurinn gerir enn ráð fyrir að verðbólgan í lengist ekki,“ segir Valdimar Ármann.

Birgir Haraldsson, sjóðsstjóri hjá Akta, birti grein í Markaðinum í síðustu viku þar sem hann færði rök fyrir því að ekki væri útilokað að væntingar um vaxtahækkanir Seðlabankans tækju miklum breytingum á næstu misserum. Ekki sist ef verðbólgu sviðsmyndin súrnar vegna versnandi verðbólguvæntinga heimila og fyrirtækja.

„Allar hækkanir á þessum mælikvarða héðan í frá myndu þýða verstu niðurstöðu mælinga síðan í ársbyrjun 2014 og vekja upp réttmætar spurningar um hvort kjölfesta verðbólguvæntinga við verðbólgu markmiðið sé rofin og verðbólguvandinn þannig að umbreytast í viðvarandi vanda-mál,“ skrifaði Birgir.

thorsteinn@frettabladid.is

Áformað að hlutafjárútboð Sildarvinnslunnar hefjist 10. maí

Stjórnendur og ráðgjafar Sildarvinnslunnar, sem hafa á undanförunum vikum unnið að undirbúningi að skráningu félagsins á hlutabréfamarkað í Kauphöllinni, stefna nú að því að boða til almenns hlutafjárútboðs dagana 10. til 12. maí næstkomandi, samkvæmt heimildum Markaðarins. Skráning útgerðarfyrirtækisins á markað mun í kjölfarið fara fram síðari hluta næsta mánaðar.

Frumkynningar á félaginu með fjárfestum, einkum lifeyrissjóðum, verðbréfasjóðum og fjárfestingafélögum, hófust í síðasta mánuði en á næstu dögum er boðað til frekari

fundahalda þar sem fjárfestar munu fá ítarlegri upplýsingar í tengslum við útboðið, meðal annars hversu stór hlutur verður boðinn til sölu, á hvaða verði og eins hvaða hluthafar í Sildarvinnslunni ætli að selja.

Ljóst er að fjórðungshlutur í félaginu verður að lágmarki seldur í útboðinu og þá hefur eins komið fram í máli Þorsteins Más Baldvinssonar, forstjóra Samherja sem heldur utan um 45 prósentu hlut, að útgerðarrisinn muni selja eitt-hvað af sínum bréfum í Sildarvinnslunni. Aðrir helstu hluthafar eru Kjálkanes, sem er í eigu ein-



Eigð fé Sildarvinnslunnar var um 49 milljarðar króna í árslok 2020.

staklinga sem einnig eiga útgerðina Gjögur, með ríflega 34 prósentu hlut, en þriðji stærsti hluthafinn er svo Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað.

Rætt hefur verið um að virði Sildarvinnslunnar kunni að vera um eða yfir 100 milljarðar króna sem þýðir að fjórðungshlutur í fyrirtækinu yrði þá seldur á um 25 milljarða króna. Til samanburðar er markaðsvirði Brims, sem er í dag eina útgerðarfyrirtækið í Kauphöllinni, um 106 milljarðar.

Samkvæmt nýjum ársreikningi Sildarvinnslunnar var hagnaður af rekstri hennar á síðasta ár um 39,3

milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um fimm milljarða króna, og hélst nokkuð stöðugur frá fyrra ári þegar hagnaðurinn var 40,5 milljónir Bandaríkjadala.

Rekstrartekjur fyrirtækisins minnkuðu um 6 milljónir dala og námu 184 milljónum dala.

EBITDA-framlegð félagsins var 32,1 prósent og nam átta milljörðum króna. Mælt í erlendri mynt dróst EBITDA Sildarvinnslunnar saman um 6,5 prósent frá árinu 2019. Eiginfjárhlutfall samstaðu Sildarvinnslunnar var 68 prósent við lok árs 2020 og eigið fé félagsins um 49 milljarðar. – hae

Ósanngjarnar byrðar



Anna Hrefna Ingimundardóttir
forstöðumaður
efnahagssviðs
Samtaka atvinnu-
lífsins

Mikið hefur verið rætt um sjálfbærni á undanförnum árum í tengslum við umhverfismál. Þetta hugtak á þó ekki síður við þegar kemur að rekstri hins opinbera en svo virðist sem stjórnmálamenn hafi margir hverjir ekki enn áttað sig á því. Samkvæmt lögum ber yfirvöldum að tryggja ýmiss konar réttindi og þjónustu um ókomna tíð. Hvort sem það er heilbrigðisþjónusta, skólavist, fæðingarorlof, örorka eða ellilífeyrir, þá treystum við á að auðlindir okkar og mannaúður muni standa undir fjármögnun þessara réttinda þegar fram í sækir. Það er þó alls ekki sjálfgefið að svo verði.

Lög um opinber fjármál, sem tóku gildi 2016 eftir ítarlegt samráð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, voru stórt framfaraskref í átt að aukinni ábyrgð í opinberum fjármálum. Sjálfbærni er raunar eitt af fimm grunnildum laganna auk varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi og felst í því að „opinberar skuldbindingar séu viðráðanlegar til skemmri og lengri tíma og leggi ekki ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir“, líkt og segir í lögnum.

Lögin dattu ekki af himnum ofan. Fjármálaáfallið afhjúpaði veikleika og vanmetna áhættu víðar en í fjármálakerfinu. Í greinargerð með lögnum segir til að mynda: „Sveitarfélögin voru mörg hver orðin mjög skuldbætt og svo mjög að skuldavandinn ógnaði sjálfbærni fjármála þeirra og þar með getu þeirra til þess að sinna lögbundnum verkefnum til framtíðar. Skuldaaukninguna mátti rekja til ónógs aðhalds í rekstri og þess að viðunandi öryggis hafði ekki verið gætt í fjárfestingum, lántökum og ráðstöfun eigna af hálfu sveitarfélaganna. Við fall íslensku krónunnar haustið 2008 hækkuðu skuldir enn fremur um leið og tekjur drógust saman.“

Á kjörtímabili núverandi ríkisstjórnar hefur fjármálastefnan

verið endurskoðuð tvisvar og lögum um opinber fjármál vikið til hliðar um fimm ára skeið í ljósi forsendubrests í efnahagslífinu. Varasamt er að ganga lengra í þessum efnun en brýn nauðsyn krefur. Þó að efnahagshorfur hafi versnað á skömmum tíma þarf engu að síður að tryggja aðhald í fjármálum hins opinbera, sem hefur dreift og frestað vandanum en ekki leyst hann.

Deila má um vídeigandi viðbrögð við þeim fjölbreyttu áskorunum sem efnahagslífið, og þar með ríkissjóður, hefur staðið frammi fyrir seinustu misseri. Samkvæmt nýju áliti sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur gott samspil hagstjórnartækja, skjót viðbrögð og vel útfærðar aðgerðir stutt vel við heimili og fyrirtæki hingað til. En ekki er hægt að halda hagkerfinu í gjörgæslu endalaust. Áherslur í opinberum fjármálum munu nú þurfa að færast frá neyðaraðstöð yfir í arðbæra fjárfestingu innviða til stuðnings fjölbreyttu atvinnulífi, eins og fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar tilgreinir og AGS fagnar. Þó að efnahagsaðgerðir hafi hingað til heppnast vel er óumdeilt að veiran hefur valdið verulegu tjóni og vegurinn fram á við því torfærari en ella. Úr takmörkuðum fjármunum verður að ráða.

Árangurstenging ríkisfjármála

Reglulega þarf að minna útgjalda glæða frambjóðendur á þá staðreynd að auknar fjárheimildir eiga aldrei að vera sérstakur útgangspunktur í stjórnmálumræðunni. Enda felast verðmætar umbætur oft í breyttu hugarfari og nýrri nálgun fremur en meiri fjármunum. Auknar fjárveitingar einar og sér stytta hvorki biðlista né umferðartíma. Þær bæta hvorki námsárangur né auka skilvirkni ferla. Það gerir hins vegar lausnamiðað fólk sem er tilbúið að hugsa út frá sjónarhóli notandans og koma í gegn umbótum þó óvinsælar séu.

Sjálfbærni er innbyggð grundvallarforsenda í fyrirtækjarekstri. Hagræðing og skýnsamleg tilhögun fjármuna er því eilíft úrlausnarefni þar sem kröfur og endurgjöf viðskiptavina veita verðmætt aðhald. Hvatar eru öðruvísi stilltir hjá hinu opinbera. Þar er barist um bitana og virðast auknar fjárheimildir oft vera sjálfstætt markmið, óháð því hvernig þeim fjármunum almennings er varið eða hvort margum-



Við erum eftirbátar annarra OECD-landa þegar kemur að árangurstengingu ríkisfjármála.

töluð sjálfbærni sé tryggð. Fyrir nokkrum árum var til að mynda hvatt til þess að 11 prósentum af landsframleiðslu yrði varið til heilbrigðismála án þess að nokkur tilraun væri gerð til að tilgreina hvert markmið fjárheimildanna væri eða hvernig þetta hlutfall ætti að þróast með öldrun þjóðar. Erfitt er að undirstrika nægilega hversu röng þessi nálgun er.

Hagræðing er ekki tiskuorð heldur stöðug vegferð sem á ekki síður við hjá hinu opinbera en fyrirtækjum og heimilum. Hún þarf ekki að fela í sér skerðingu á þjónustu sé vel að henni staðið, þvert á móti. Því til stuðnings má nefna og hrósa stafrænni vegferð núverandi ríkisstjórnar. Í stað þess að byrja á öfugum enda er verkefnið fram undan að viðurkenna og greina stærstu vandamál hvers málaflökks. Síðan þarf að setja töluleg markmið varðandi úrlausn þeirra, þar sem notandi þjónustunnar er settur í fyrsta sæti, og markmiðunum náð fram með eins skilvirkum hætti og völ er á. Að því loknu þarf raunverulega eftirfylgni svo hægt sé að meta árangurinn og aðlaga stefnu stjórnvalda til samræmis. Við erum eftirbátar annarra OECD-landa þegar kemur að árangurstengingu ríkisfjármála. Um hvernig megi gera bragarbót á, ættu komandi kosningar að snúast.

Til að forðast megi íþyngjandi skattahækkanir kemur fátt annað til greina en aukin hagræðing og árangurstenging ríkisfjármála. Að öðrum kosti blasir við viðvarandi hallarekstur sem hleypur á hundruðum milljarða króna og ekki sér fyrir endann á. Varla getur mörgum hugnast slík framtíðarsýn, sem vissulega felur í sér þungar og ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir – skattgreiðendur framtíðarinnar.



Öllu skiptir að við lærum af fortíðinni og nýtum tækifærið nú til að byggja undir fjölbreyttara og sterkara atvinnulíf.

ins. Það er alveg ljóst að vandinn verður ekki leystur nema með því að byggja fleiri íbúðir. Úrræði til að draga úr eftirspurn duga ekki. Það gerist á sama tíma og þörf er á auknum umsvifum í hagkerfinu. Kastljósið beinist nú að sveitarfélögunum. Það þarf fleiri lóðir og það þarf hraðari afgreiðslu mála. Annars er hætt við öfremdarástandi á húsnæðismarkaði næstu árin.

Ný sókn atvinnulífsins og endurreisn efnahagskerfisins er fram undan. Öllu skiptir að við lærum af fortíðinni og nýtum tækifærið nú til að byggja undir fjölbreyttara og sterkara atvinnulíf í stað þess að leitast við að endurreisa hagkerfið eins og það var. Leið vaxtar er farsælasta leiðin.



FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA



Kynntu þér árangur og úrval ÍV sjóða á WWW.IV.IS

ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —



Kaup, sala og samruni fyrirtækja.

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferð
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð



kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

Samhljómur í áliti AGS og SI



Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Mikinn samhljóm má finna í nýju áliti sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og áliti Samtaka iðnaðarins á þeim efnahagsvanda sem við okkur blasir. Vil ég nefna fjögur atriði sérstaklega.

Í fyrsta lagi bendir AGS á að Ísland geti ekki reitt sig á ferðaþjónustu og að of mikil áhersla á ferðaþjónustu hafi verið veikleiki í hagkerfinu. Auka þurfi fjölbreytni í íslensku efnahagslífi. Undir þetta má sannarlega taka og nú er rétti tíminn til að byggja upp nýjar greinar í stað þess að veðja öllu á ferðaþjónustuna og ætla síðar að huga að framtíðinni. Hugum að framtíðinni núna.

Í öðru lagi telur AGS að besta leiðin til að auka fjölbreytni í íslensku efnahagslífi sé með því að virkja hugvitið í meiri mæli. Það

verður gert með áframhaldandi og aukinni áherslu á vöxt hugverkaíðnaðar, með áframhaldandi skattahvötum vegna rannsókna og þróunar, með því að gera frumkvöðlum auðveldara um vik að sækja fjármagn og með því að liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga og erlendri fjárfestingu. Þetta rímar við áherslur Samtaka iðnaðarins undanfarin ár.

Í þriðja lagi bendir AGS á að umbóta sé þörf á vinnumarkaði þannig að Ísland standi betur að vígi í alþjóðlegri samkeppni og styðji við vöxt hugverkaíðnaðar í stað þess að hefta hann. Lítið hefur farið fyrir þessu í umræðunni en það er staðreynd að til þess að auka fjölbreytni í hagkerfinu og skapa ný og eftirsótt störf mun reyna meira á stjórnmálamenn og aðila vinnu- markaðarins að skapa alþjóðlega samkeppnishæft umhverfi hér á landi. Það er í anda þess að auka verðmætasköpun – stækka kökuna – en ekki bara að takast á um skiptingu takmarkaðra gæða sem er oftar en ekki ráðandi.

Í fjórða lagi er staðan á húsnæðismarkaði AGS umhugsunarefni og er varað við ofhitnun markaðar-

HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjust fréttirnar úr heimi íþróttanna.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



SKOÐUN

Þorsteinn Friðrik
Halldórsson



Togstreita

Stjórnarseta í lífeyrissjóði er ábyrgðarmikið hlutverk. Það er ekkert svigrúm fyrir pólitísk átök á stjórnarfundum þegar lífsgæðin á ævikvöldi landsmanna eru að veði.

Í síðustu viku komst fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands að þeirri niðurstöðu að Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefði ekki gætt að því að meta hæfi einstakra stjórnarmanna við undirbúning og ákvörðun um hvort sjóðurinn tæki þátt í hlutfjárútboði Icelandair.

Markaðurinn greindi í kjölfarið frá því að ávitur fjármálaeftirlitsins hefðu að miklu leyti snúist um aðkomu stjórnarmanns, sem situr í stjórnnum bæði VR og lífeyrissjóðsins, að þeirri ákvörðun í ljósi þess að hann hefði áður stutt tilmæli VR um að sniðganga útboðið.

Þrátt fyrir að stjórnarmaðurinn hafi sýnt þekkingarleysi á hlutverki stjórnarmanna – eða það sem verra er: Virðingarleysi gagnvart hlutverkinu – situr umræddur stjórnarmaður enn í stjórn lífeyrissjóðsins. Helmingaskipti atvinnurekenda og VR í stjórn sjóðsins koma í veg fyrir að sjóðfélagar sparki þeim sem eru ekki starfi sínu vaxnir.

Annar stjórnarmaður, sem einnig situr í stjórnnum VR og lífeyrissjóðsins en studdi ekki tilmælin, hafði eðlilegri sýn á hlutverk sitt. „Það eru ákveðnar reglur sem gilda um stjórnir í lífeyrissjóðum og menn eiga að vera sjálfstæðir í störfum. Ég hef það að sjálfsöögðu í heiðri,“ sagði hann. Þetta er ekki mjög flókið.

Góðu fréttirnar eru þær að Seðlabanki Íslands tekur því ekki af léttúð að vafi leiki á sjálfstæði stjórnarmanna. Fjármálaeftirlit bankans hefur nú þegar krafðið ellefu lífeyrissjóði um breytingar á samþykktum til þess að skýrt sé hvort mögulegt sé að afturkalla umboð stjórnarmanna.

Eftir sem áður þurfa sjóðfélagar ákveðinna sjóða að sætta sig við það að hagsmunasamtök skipi í stjórnir sjóðsins. Og þar liggur rót vandans.

Tillaga um að lífeyrissjóðurinn myndi skrá sig fyrir hlut í útboði Icelandair féll á jöfnum atkvæðum þar sem fjórir stjórnarmenn greiddu atkvæði með og fjórir greiddu atkvæði gegn. Fulltrúar atvinnurekenda í stjórn sjóðsins studdu tillöguna en fulltrúar stéttarfélagsins VR greiddu atkvæði gegn henni. Skipting atkvæðanna var engin tilviljun heldur endurspegladi hún togstreitu milli tveggja ólíkra fylkinga. Það er ólíðandi fyrir sjóðfélaga.

Tilkynnt um 163 skortstöður

Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands bárust 163 tilkynningar um skortstöður í þrettán skráðum félögum 2020. Af þeim voru 53 tilkynningar um stöður á bilinu 0,1-0,2 prósent af hlutfé. Þetta kemur fram í ritinu Fjármálaeftirlit sem Seðlabankinn gefur út.

Fleiri en ein tilkynning getur tilheyrt sömu stöðunni þar sem tilkynna þarf um allar breytingar á stöðu sem nema meira en 0,1 prósent af hlutfé skortselds félags. Fari skortstaðan hins



Unnur
Gunnarsdóttir.

vegar yfir 0,5 prósent af hlutfé félags verður að upplýsa um það opinberlega.

Síðasta opinbera skortstaðan var skortsala fagfjárfestastjóðsins Algildis í Reitum. Stærst var staðan um miðjan september þegar hún nam 0,81 prósent af hlutfé félagsins.

Á tímabilinu mars 2020 til mars 2021 voru viðmiðunarmörk vegna tilkynninga um skortstöðu lækkuð úr 0,2 prósentum í 0,1 prósent og bárust því fleiri tilkynningar en ella. – þfh

17.04.2021

Ég hef aldrei verið eins spennur fyrir neinu á ævinni og tækifærinu sem Play hefur til að ná árangri.

Birgir Jónsson,
nýr forstjóri
Play



Ertu að flytja?

VIÐ GEFUM ÞÉR KASSANA



Komdu í viðskipti, það tekur aðeins eina mínútu að skipta. Allir sem skrá sig hjá Orkusölunni fá fría kassa.

orkusalan

Komdu yfir í stuðið á orkusalan.is

*Sterkari saman
í sátt við umhverfið*

LITRÓF

GuðjónÓ

Prenttækni

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000

NÝTT

NEUBRIA

– nærir heilann

Sérhannaðar bætiefnablöndur

Neubria vörurnar eru háþróaðar vörur sem innihalda öflugar jurtir og mikilvæg vítamín og steinefni sem gefa aukna orku og efla mótstöðu gegn streitu og álagi.



ENERGY – Orka og úthald

Inniheldur koffín, grænt te, L-theanine, Guarana, kakópykkni, kóreskt-, síberísk- og amerískt Ginseng, vítamín B3, B5, B6, B9 og B12

Sérhönnuð blanda sem inniheldur útvalin bætiefni og jurtir sem geta aukið orku og úthald

Góður kostur t.d. fyrir fólk sem drekkur ekki kaffi eða sykraða drykki og vantar aukna orku.

MEMORY – Athygli og minni

Inniheldur Túrmerik, Aswagandha, Bacopa monnieri, Rósmarín extract, Ginkgo bilboa, Sítrónólín og Co-enzyme Q10

Háþróuð formúla sem inniheldur útvald vítamín, steinefni og jurtir

Góður kostur fyrir þá sem vilja náttúrulega leið til að efla athygli og minni.

FOCUS – skýrleiki og einbeiting

Inniheldur koffín, co-enzyme Q10, Sítrónólín, Bacopa monnieri, Aswagandha, Ginkgo bilboa, Salvíu, lútín, zeaxantín, bláber og rósmarín

Sérhönnuð blanda til að efla hugræna virkni og styðja við einbeitingu.

Góður kostur t.d. fyrir þá sem eyða miklum tíma fyrir framan skjá.

SLEEP – svefn og slökun

Inniheldur tryptófan, humla, sítrónumelissu, kamillu, saffran og magnesíum

Formúlan inniheldur útvalin bætiefni frá náttúrunni sem í sameiningu geta slakað á taugakerfinu

Góður kostur fyrir þá sem eru að leita lausna við að ná meiri slökun og bæta svefngæði.

Glóandi og ungleg húð í sumar

ICEHERBS framleiðir hrein og náttúruleg bætiefni hér á landi. Astaxanthin verndar húðina fyrir útfjólubláum geislum ásamt því að auka raka og teygjanleika en Húð, hár og neglur gerir húðina heilbrigðari, þéttari og sterkari.

ICEHERBS býður upp á fjölbreytta línu af náttúrulegum bætiefnum sem meðal annars innihalda íslenskar náttúruafurðir. Þau hafa margvisleg áhrif á liðan og líkama og geta hjálpað fólki að bæta lífs-gæði sín og heilsu. Tvær af þessum vörum eru sérlega gagnlegar fyrir húðina, en það eru bætiefnin Astaxanthin og Húð, hár og neglur. Vörurnar eru báðar vegan, svo þær henta öllum. Nú þegar vorið er að koma og við förum að leyfa sólinni að skína á húðina í auknum mæli er mikilvægt að huga að því að vernda hana.

Losnaði við sólarexem

„Astaxanthin er alíslensk vara sem er unnin úr örþörungum sem innihalda öflug andoxunarefni,“ segir Katrín Amni, framkvæmda-stjóri og annar eigandi ICEHERBS. „Astaxanthin hefur gríðarlega góð áhrif á húðina og verndar hana gegn útfjólubláum geislum á sama tíma og hún eykur teygjanleika og gefur raka.

Ég hef sjálf góða reynslu af því að nota Astaxanthin, því eftir að ég eignaðist dætur mínar byrjaði ég að fá sólarexem þegar ég var í mikilli sól. En eftir að ég byrjaði að taka Astaxanthin hvarf það algjörlega,“ segir Katrín. „Ég verð líka aldrei eins fallega sólbrún og þegar ég tek Astaxanthin og húðin flagnar síður, auk þess viðheld ég brúnkunni lengur.

Astaxanthin virkar þannig að það verndar húðina gegn frumu-dauða sem orsakast af útfjólubláum geislum sólarinnar og



Katrín Amni er framkvæmda-stjóri og annar eigandi ICEHERBS. FRÉTTABLAÐID/ SIGTRYGGUR ARI



minnkar skaðleg áhrif þeirra,“ segir Katrín. „Astaxanthin er talið geta komið í veg fyrir að húð sólbrenni með því að veita líkamanum náttúrulega sólarvörn. En það er mikilvægt að taka það daglega og byrja að minnsta kosti tveimur vikum áður en fólk fer að vera úti í sól. Sjálf mæli ég með því að taka það 365 daga ársins,

því eins og með flest bætiefni eru eiginleikar þeirra oft margvíslegir, t.d. er astaxanthin einnig frábært fyrir aukið þol og endurheimt eftir æfingar.“

Þurfum vernd gegn sólinni

„Þeir sem vilja hugsa um húðina þurfa að muna að það sem þú innbyrðir hefur jafn mikil áhrif og

það sem er sett á húðina,“ segir Katrín. „Það þarf líka að hugsa um húðina innan frá, taka inn bætiefni og drekka nóg vatn. Bæði Astaxanthin og Húð, hár og neglur eru náttúrulegar og hreinar vörur sem gera húðina glóandi, þéttari og unglegri.

Nú þegar fólk er að fara að ná sér í brúngu og njóta þess að vera frísklegt með sólkysstar kinnar er mikilvægara en nokkru sinni að huga að vernd húðarinnar. Þar getur Astaxanthin komið að miklu gagni, ásamt góðri sólarvörn,“ segir Katrín. „Það er mikilvægt að fara vel með sig og ef húðin er ekki vernduð fyrir sól verða öldrunar-merki meira áberandi.“

Fallegri og heilbrigðari húð

„Ég tek Húð, hár og neglur ásamt Astaxanthin, en það er önnur alíslensk vara. Hún inniheldur blöndu tveggja sæþörunga sem sóttir eru

Eftir að ég eignaðist dætur mínar byrjaði ég að fá sólarexem þegar ég var í mikilli sól. En eftir að ég byrjaði að taka Astaxanthin hvarf það algjörlega.

Katrín Amni

í fjöru á strandlengju við Breiða-fjörð,“ segir Katrín.

„Sæþörungar eru taldir ofur-fæða hafsins og innihalda ríkulegt magn af steinefnum, trefjum og jöði,“ segir Katrín. „Þeir eru stút-fullir af steinefnum sem hafa bæði mikil jákvæð áhrif á húð og neglur og gríðarlega hreinsandi áhrif á líkamann.

Þessi hreinsunaráhrif losa líkamann við óæskileg efni, sem skilar sér í fallegri húð,“ útskýrir Katrín. „Hún verður líka þéttari, meira glóandi, mýkri og sterkari og viðheldur raka betur. Um leið styrkjast neglurnar til muna.“

Hrein náttúruafurð

ICEHERBS er íslenskt fyrirtæki sem leggur mikla áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni. Lögð er gríðarleg áhersla á að vörur ICEHERBS nýttist viðskiptavinum vel, að virknin skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Gríðarleg áhersla er lögð á að vörurnar innihaldi engin óþarfa fylliefni og eru vörurnar fram-leiddar hér á landi.

ICEHERBS fæst í öllum betri mat-vöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum. Sjá nánar á: iceherbs.is.

Mikilvægt að halda áfram að hreyfa sig

Samkvæmt rannsókn sem fjallað var um í nýrri grein á heilsu-vefnum Healthline.com segja vísindamenn að aukin vikuleg hreyfing geti minnkað hættu á háum blóðþrýstingi hjá fólki eftir að það nær fimmtugsaldri.

sandragudrun@frettabladid.is

Vísindamennirnir tóku fram að fylgni milli lægri blóðþrýstings eftir fertugt og aukinnar hreyf-ingar væri sterkust þegar kom að svörtum karlmönnum.

Sérfræðingarnir segja að mikil-vægasti þátturinn sé hversu mikið fólk æfir núna, ekki hversu mikið það æfði áður. Til að koma í veg fyrir háan blóðþrýsting þegar fólk eldist þarf það að æfa meira á yngri árum og halda því áfram.

Fullorðin fólk yngra en 30 ára sem æfir um það bil fimm klukku-stundir á viku með meðal áreynslu er ólíklegra til að fá háþrýsting um miðja ævina, samkvæmt rann-sókninni.

Vísindamenn við barnaspítala Háskólans í San Francisco í Kali-forníu (UCSF) komust að því að tæp 18 prósent þátttakenda í rannsókninni sem hreyfðu sig að minnsta kosti í fimm tíma á viku af meðalákefð voru í 18 prósent minni hættu á að fá háþrýsting en þeir sem hreyfðu sig minna.

Dr. Glenn Gaesser, prófessor í lífeðlisfræði við ríkisháskólann í Arizonaríki, sagði í samtali við Healthline að því meira sem fólk hreyfði sig, því betri væri svörunin.

Að halda áfram að hreyfa sig reglulega á fertugs-, fimmtugs- og



Það er mikil-vægt að halda áfram hreyfingu þegar aldurinn færist yfir.

FRÉTTABLAÐID/ GETTY

sextugsaldri er mikilvægt fyrir stjórnun blóðþrýstings á efri árum samkvæmt rannsókninni.

Þeir þátttakendur rannsóknar-innar sem æfðu að minnsta kosti í fimm klukkustundir vikulega þar til þeir urðu sextugir minnkuðu áhættuna á háum blóðþrýstingi jafnvel meira, samkvæmt niður-stöðum rannsóknarinnar.

Rannsóknin tók 30 ár

Rannsakendur fylgdust með 5.000 fullorðnum í Bandaríkjunum í þrjátíu ár en þátttakendur voru á aldrinum 18-30 ára þegar rann-sóknin hófst. Rannsakendurnir komust að því að háþrýstingur endurspegladi virknina áratugina

Til að koma í veg fyrir háþrýsting þegar fólk eldist þarf að æfa meira á yngri árum og halda því áfram.

á undan. Þegar þátttakendur hreyfðu sig minna eftir því sem þeir urðu eldri hækkaði blóðþrýst-ingur þeirra.

Fyrri rannsóknir hafa einn-ig sýnt að hreyfing getur lækkað blóðþrýsting. Gaesser sagði að aðrar rannsóknir hefðu sýnt að

háþrýstingur lækkar jafnt og þétt þegar sem líkamspjálfun við meðal eða mikla ákefð eykst á kostnað kyrrsetu. Niðurstöður nýju rannsóknarinnar benda aftur á móti til að það geti verið sérstaklega mikilvægt að viðhalda hreyfingu á fullorðinsárum og æfa af meiri ákefð en áður hefur verið mælt með.

Tengslin milli líkamsræktar og háþrýstings voru sérstaklega áberandi meðal svartra karla, að því er fram kom í rannsókninni. Snemma á fullorðinsárum reynd-ust svartir karlar vera virkari að meðaltali en hvítir menn, hvítar konur og svartar konur. Eftir 60 ára aldur hafði hreyfing meðal svartra

karlmanna hins vegar minnkað í næstum helming þess sem hún hafði verið þegar þeir voru yngri. Á þeim aldri voru 80 til 90 prósent svartra karla með háan blóðþrýst-ing, um það bil sama hlutfall og hjá svörtum konum (sem hreyfðu sig mun minna þegar þær voru ungar) og marktækt herra en hjá hvítum körlum (70 prósent) og hvítum konum (50 prósent).

Í rannsókninni var vikuleg hreyfing mæld með einingum og 300 einingar jafngildu 2,5 klukku-stundum af hreyfingu með meðal-ákefð.

Svartir karlmenn á aldrinum 18 til 30 ára hreyfðu sig sem samsvar-aði 560 einingum vikulega en eftir 60 ára aldur var hreyfingin komin niður í 300 einingar. Einn rann-sakandinn sagði að félagslegir og efnahagslegir þættir, umhverfi eða fjölskylduaðstæður gætu komið í veg fyrir áframhaldandi hreyfingu á fullorðinsaldri.

Þátttakendur í rannsókninni voru nánast til helminga hvítir og svartir og ögn fleiri konur en karlar tóku þátt. Svartar konur æfðu minnst alla rannsóknina og fengu aðeins um 200 æfingaeiningar vikulega eftir 60 ára aldur.

Hreyfingartíðnin varð nokkuð stöðugri með tímanum meðal hvíttra þátttakenda í rannsókninni. Hreyfing meðal hvíttra karla minnkaði um tvítugt og þrítugt en náði jafnvægi um 40 ára aldur. Hjá hvítum konum var líkamsrækt almennt í kringum 380 æfinga-einingar. Hreyfing var í lágmarki um þrítugt en stöðug eftir það, að minnsta kosti til 60 ára aldurs.

Bílar & Farartæki



Toyota Verso Live. 5/2016. 7 manna. Ekinn aðeins 80 þús km. Sjálfskiptur. Kemur frá góðu heimili og er með topp þjónusta sögu. Verð 2.680.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Garðyrkja

Felli tré og grysa og klippi runna. Ódýr þjónusta. Halldór garðyrkjum. s:698 1215

Bókhald

H bókhald

Alhliða bókhalds- og launavinnsla
Traust og áreiðanleg þjónusta

Sími 8629339 - hbokhald@hbokhald.is
Þinghólsbraut 71, 200 Kópavogur

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Rúnar Múrari ehf
S. 774 3800
Tröppuviðgerðir - Húsaviðgerðir
- Pakmálun - Málningarvinna-
o.m.fl.
<https://runarmurari.is>

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464


Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

Kæli- og frystiklefar

DERIGO
SVERDÖG
PORKKA



Tilbúnar stærðir eða smíðaðir eftir máli



Allt hjá okkur



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri



Draghálsi 4
110 Reykjavík
sími: 535 1300
verslun@verslun.is

Nýir árgerð 2021

NISSAN LEAF
TEKNA e+ 62 kwh

Evrópubílar með **STÓRA** batteríinu
8 ára rafhlöðuábyrgð

Á frábæru tilboði!



VERÐ AÐEINS

4.990

ÞÚSUND stgr.

- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- App aðgangur
- 360°Myndavélakerfi
- Leðursæti
- Hiti í sætum og stýri
- Bosel hljóðkerfi
- ProPilot

Komið og reynsluakið

Skoðum með uppítöku á öllum tegundum bifreiða

Bílar í ábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala

586 1414

stora@stora.is · [stora.is](https://www.facebook.com/storabilasalan)
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík



kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017-2019

Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Viðskiptablaðið Keldan

STÓRA BÍLASALAN

...á verði fyrir þig!

TÍMAMÓT



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Eggeert Ólafur Eggeertsson
bryti,
lést á Hjúkrunarheimilinu Grund,
fimmtudaginn 15. apríl sl.

Matthias Eggeertsson
Jóhanna Eggeertsdóttir

Marizelda Eggeertsson
Katrína, Eggeert, Brynjar og Þórunn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,
Erla Guðbjörg Sigurðardóttir
(Bubba)
Hverfisgötu 23c í Hafnarfirði,
lést laugardaginn 17. apríl.

Haraldur Sigfús Magnússon
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegi faðir minn, tengdafaðir,
afi og langafi,

Júlíus Hinriksson

múrari,
Mosabará 2, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar
á líknardeild Landspítalans, mánudaginn
12. apríl síðastliðinn. Að ósk hins látna hefur útför farið
fram í kyrrþey.

Valgerður Júlíusdóttir
Viktória Jensdóttir
Guðbjörn Jensson
Vilhjálmur Hinrik Maxwell
Stúlka Guðbjörnsdóttir

Jens Guðbjörnsson
Stuart Maxwell
Rebekka Sigrún Lynch
Hendrik Finlay Maxwell



Hjartkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

Reynir Ásberg Nielsson

rafvirkjameistari,

lést mánudaginn 12. apríl í Brákarhlíð,
Borgarnesi. Útförin fer fram frá
Borgarneskirkju föstudaginn 23. apríl kl. 13
að viðstöddum nánustu aðstandendum vegna aðstæðna
í þjóðfélaginu. Hlekk á streymi verður hægt að nálgast á
mbl.is/andlát

Kristján Ásberg Reynisson
Þórdís Mjöll Reynisdóttir
Kristín G. Björk Reynisdóttir

Jakobine Á. Reynisson
Gísli J. Jósefsson
Kristóbert Ó. Heiðarsson
Sturla Gunnar Eðvarðsson
Guðbjörg Hjaltadóttir
Aina R. Ásberg
afabörn og langafabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Guðbjörg Kristinsdóttir

frá Brautarholti / Fallandastöðum,
Hrútafirði,

lést á sjúkrahúsinu Akranesi, 9. apríl.
Útförin fer fram í Staðarkirkju, Hrútafirði,
föstudaginn 23. apríl kl. 14. Athöfninni verður streymt á FB
síðu Melstaðarprestakalls. Einnig verður útsending á
FM 106,5 við kirkjuna. Þeim sem vilja minnast hennar er
bent á sjúkrahúsið á Hvammstanga.

Björn Ingi Sverrisson
Kristín Anna Sverrisdóttir
Ásgeir Sverrisson
Alda Berglind Sverrisdóttir
ömmubörn og langömmubörn.

Margrét K. Guðmundsdóttir
Kathrin Schmitt
Lárus Jón Lárusson

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar
í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á
timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055.

Skáldin ortu um stafina

Ríkulega myndskreytt bók sem nefnist Stafavísur; lestrarnám í ljóði og söng, er nýlega komin út. Ritstjóri hennar er Ragnar Ingi Aðalsteinsson sem er doktor í bragfræðum.

Hugmyndin er mín og Steinunn Torfadóttir, lektor í lestrarfræðum, kom strax í verkefnið með mér. Það eru nokkuð mörg ár síðan við fórum af stað," segir Ragnar Ingi Aðalsteinsson og veifar nýrri bók. Sú er með vísu um hvern og einn bókstaf, ásamt lagi og litríkum myndum. Hún á að auðvelda börnum að læra að lesa.

Milli 40 og 50 manns hafa lagt vinnu í bókina," að sögn Ragnars Inga. „Við fengum stjörnuhagyrðinga, þá snjóllustu og bestu, til að yrkja um stafina. Hver um sig fékk einn staf. Margir ortu undir lögum sem þeir völdu sjálfir en stundum þurftum við að finna lög og í nokkrum tilfellum voru samín ný. Gylfi Garðarsson tónlistarmaður vann nótur að lögunum og gítargrip og fallegar myndir eftir Dagmar Agnarsdóttur fylla aðra hverja síðu. Dagmar er afskaplega flink og það er gott að vinna með henni.“

Ort við létt lög

Flest lögín í bókinni eru þekkt. „Hér eru lög eins og Litla flugan, Gamli Nói, Meistari Jakob og Sá ég spóa," bendir Ragnar Ingi á. „Svo eru nokkrar fallegar rímna-stemmur. Heiða Guðný fjalldalabóndi orti um V-ið við eina léttu stemmu.“ Hann raular:

*V er eins og visifingur
vilji burt frá löngutöng.
V sitt nafn með vinum syngur
vináttan er traust og löng.“*

Hann heldur áfram að fletta bókinni. „Hér er nýtt lag eftir Sigurð Sigurðarson dýralækni við vísur hans um Ð-ið. Fyrri vísan er svona:

*Í stafrófi við eigum Ð
einir flestra þjóða.
Hann við skulum hafa með
heillastafinn góða.*

Ragnar Ingi segir skáldin hafa verið samvinnuþýð og þolinmóð. Þau hafi fengið ófáar athugasemdir, ýmist frá honum eða Steinunni, henni hafi stundum þótt efnið of torskiðið. „Steinunn vissi nákvæmlega hvað hún var að gera," tekur hann fram.

Fellur í góðan jarðveg

Stafavísnaðbókin er þegar byrjuð að seljast í skóla, að sögn ritstjórans. „Þetta efni er hugsað fyrir bæði leik- og grunnskóla, líka foreldra, afa og ömmur sem eru að sýna börnum stafina og syngja með þeim. Það virðist falla í góðan jarðveg," segir hann. „Svo er þetta allt komið inn á YouTube.com undir Stafavísur. Þar syngur Margrét Eir og Pétur Valgarð




Það var gaman að þessu verkefni, segir Ragnar Ingi. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR ÁRNASON



Þetta efni er hugsað fyrir bæði leik- og grunnskóla, líka foreldra, afa og ömmur sem eru að sýna börnum stafina og syngja með þeim. Það virðist falla í góðan jarðveg.

Pétursson og Þórir Úlfarsson spila með. Hugmyndin bak við það var sú að gera vandað efni sem létti börnum lestrarnám og veitti líka tilfinningu fyrir brag-



Það er Bókafélagið sem gefur út bókina.

hefðinni sem við höfum varðveitt hér á Íslandi í 1.200 ár. Þeim menningararfi eigum við að sýna virðingu.“
gun@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 21. APRÍL 1989

Nýtt kvennafangelsi var opnað

Kvennafangelsi var opnað formlega að Kópavogsbraut 17 þennan mánaðardag árið 1989, af þáverandi dómsmálaráðherra, Halldóri Ásgrímssyni. Í ræðu sinni sagði hann fangelsismál vera í ólestri. Stefnan væri að leggja niður Síðumúlafangelsi og hegningarhúsið við Skólavörðustíg þar sem húsnæði og aðbúnaður væri ekki fólki bjóðandi.

Fangelsið átti að rúma tíu fanga í byrjun. Það skyldi verða hálfopið, að því er Haraldur Johannessen, þáverandi forstjóri Fangelsismálastofnunar, lýsti í viðtali. Hann sagði þar eiga að vista alla kvenfanga, hvort sem þeir afplánuðu langa vist eða stutta og einnig „valda“ karlfanga sem stunduðu vinnu eða nám samhliða afplánu.



HELLY HANSEN
M Odin Minimalist
Kr. 32.990.-



STEINAR Coolmax göngusokkar
Kr. 1.490.-



HVÍTANES
Merino buxur
Kr. 11.990.-

VIÐEY Hanskar
Kr. 3.300.-



FUNI Dúnúlpá
Kr. 33.990.-

Vinir
fá sérkjör
Skráning á [icewear.is](https://www.icewear.is)



SALEWA
Firepad 16 BPi
Kr. 9.990.-



HAUST Pólýesterhúfa.
Kr. 2.990.-



REYNISFJARA
Göngustafir
Kr. 9.990.-

RAGNA Ecodown® úlpa
Kr. 27.990.-



HELLY HANSEN
Bowstring kk skór
Kr. 22.990.-



MÁR
Tveggja laga regnjakki
Kr. 18.990.-



SALEWA Ultra Train 18 BP
Kr. 12.990.-



GRÍMSEY Hanskar
Kr. 2.990.-



HVÍTANES
Merino peysa
Kr. 13.990.-



ELÍ Flíspeysa
Kr. 11.990.-



SALEWA
Agner Cordura 2 PTX 2.5L W JKT
Kr. 30.990.-



SÓLEY
Hljýjar flís leggings
Kr. 9.990.-



SNÆÐÍS Prjónað ennisband
Kr. 2.990.-

HALLUR Dúnúlpá
Kr. 67.990.-



BRIMNES
Meðalþykkir göngusokkar
Kr. 2.150.-



Þín útivist - þín ánægja

ICEWEAR  MAGASÍN
KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND



SALEWA
WS MTN Trainer Shoes
Kr. 28.990.-



HVÍTANES Merino buxur
Kr. 11.990.-



SIGURÐUR
Boxer 3 í pakka
Kr. 4.990.-



ARNA Softshell buxur
Kr. 17.900.-



SALEWA
Mountain Trainer
MID GORE-TEX®
Kr. 27.990.-

HVÍTANES Merino bolur
Kr. 13.990.-



HVÍTANES Merínó lambhúshetta
Kr. 4.990.-



FUNI Dúnúlpá
Kr. 33.990.-

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
7 5 °C ↑	5 7 °C ↗	7 7 °C →
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
7 1 °C ↗	6 2 °C ↗	0 8 °C ↑

Vestlæg átt 5-10 og bjartviðri SA-til í dag, annars skýjað með köflum, en dálítill el NA-lands, einkum fyrri-part dags. Sunnan og suðvestan 5-10 á morgun, skýjað og dálítill væta, en þurrt að kalla suðaustan- og austanlands. Hiti 2 til 8 stig yfir daginn, en víða næturfrost.

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
7 7 °C ↕	5 5 °C ↕	8 3 °C ↓
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
9 0 °C ○	8 2 °C ↙	1 6 °C ↗

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
9 6 °C ↑	6 3 °C ↕	9 1 °C ↑
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
9 1 °C ↑	8 4 °C ↙	3 7 °C ↑

LÉTT

7	8		4			2		
				3	1		8	4
		5		6			7	
				1		4		
	7		6	2				5
4		9			7	1	6	
								1
5		7				9		
	2	6		5	3			

MIDLUNGS

	1	5		2				3
	4					2		
3			4	6	1		7	
					5			6
			9	1		7		
5		4		8	2			
	5	2	1		4	9		
						4	1	
				7	3			

ÞUNG

9						6		
				2				4
		4		7				
5	4					3		
		2	8	9			5	
7			2			8		
8			4		6	1	9	
	9		3				7	6
3								

Krossgáta

- LÁRÉTT
1 mánuður
2 af
3 hvort
8 tóftir
10 stafur
11 geisa
12 fyrirhöfn
13 kk nafn
15 kenna
17 hræddur
- LÓÐRÉTT
1 dáðum
2 kurteis
3 farvegur
4 teyma
7 djarfar
9 losun
12 hótá
14 sægur
16 í röð

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 apríl, 5 frá, 6 ef, 8 fústin, 10 ef, 11 aða, 12 ómak, 13 ugg, 15 mennita, 17 raður, 18 ómak, 19 afrekum, 2 þrúð, 3 rás, 4 leiða, 7 frakkan, 9 tæming, 12 ógna, 14 ger, 16 tu.

Skák Gunnar Björnsson

Soultan-Beieff átti leik gegn Borodin í Brussel árið 1943.

1. Hg2! Hg8 (1... Dxf3
2. Dxf8#). 2. Dxb7+! Kxb7
3. Hh3# 1-0.

www.skak.is: Allar skákfréttirnar.

Hvítur á leik



7	8	3	1	2	4	9	6	5
9	1	4	5	6	8	7	2	3
2	5	6	7	9	3	4	8	1
4	2	7	9	5	1	8	3	6
8	9	5	6	3	7	1	4	2
3	6	1	4	8	2	5	7	9
1	3	9	8	7	6	2	5	4
5	7	2	3	4	9	6	1	8
6	4	8	2	1	5	3	9	7

8	4	6	2	9	5	3	1	7
3	9	7	1	8	4	2	5	6
1	5	2	3	6	7	8	4	9
5	8	3	4	7	9	6	2	1
2	6	4	5	1	8	9	7	3
7	1	9	6	2	3	5	8	4
6	2	5	7	3	1	4	9	8
9	3	1	8	4	2	7	6	5
4	7	8	9	5	6	1	3	2

9	2	3	1	7	5	6	8	4
4	5	6	8	9	2	7	1	3
7	1	8	3	4	6	5	9	2
3	6	9	7	1	4	8	2	5
5	4	7	9	2	8	1	3	6
2	8	1	5	6	3	4	7	9
8	7	4	2	5	9	3	6	1
1	9	5	6	3	7	2	4	8
6	3	2	4	8	1	9	5	7

Þrautinn felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Skiltagerð og merkingar

Inni og úti merkingar, spjöld og skilti. Kíktu á heimasíðuna okkar og skoðuðu þjónustuna sem er í boði.



www.xprent.is

Xprent ehf. | Sundaborg 3 | 104 Reykjavík | 777 2700 | xprent@xprent.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut



DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Lifið er lag** Þáttur um mál-efni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tæki-færi efri árunna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
- 19.30 433.is** Frétta- og viðtals-þáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
- 20.00 Hin rámu regindjúp** Fræðsluþættir úr smiðju Jóns Hermannssonar og Guðmundar E. Sigvalda-sonar um eldvirknina undir fótum okkar.
- 20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Markaðurinn** Viðskipta-fréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 21.30 Saga og samfélag** Þáttur þar sem málefni liðandi stundar verða rædd í sögu-legu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræð-i-manna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

- 10.00 Handritin til ykkar**
- 10.40 Kastljós**
- 11.00 Upplýsingafundur Al-mannavarna**
- 11.35 Þú ert hér**
- 12.00 Opnun**
- 12.35 Vikan með Gísla Marteini 2015 - 2016**
- 13.20 Poppkorn 1987**
- 13.50 Með okkar augum**
- 14.15 Fólkið í landinu**
- 14.40 Síamamyndasmiðir**
- 15.10 Framapot**
- 15.40 Í leit að fullkomnum**
- 16.15 Agatha rannsakar málið – Forvitni aðstoðarprestur-inn**
- 17.50 Tákn málsfréttir**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Kúlugúbbarnir**
- 18.24 Hæ, Sámur**
- 18.31 Klingjur**
- 18.42 Sara og Önd**
- 18.50 Krakkafréttir**
- 18.54 Vikinglöttó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Veður**
- 19.30 Umspil HM kvenna í hand-bolta**
- 21.25 Kiljan**
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Hinir óseðjandi** Færeysk heimildarmynd í tveimur hlutum um tengsl Sam-herjamálsins við Færeyjar. Fjallað er um færeysku útgerðina Framherja og fleiri færeysk félög sem eru að hluta til í eigu Samherja. Vísað er í umfjöllun Kveiks um starfsemi Samherja á Kypur og fram kemur að færeysk fyrirtæki eigi í við-skiptum við félög Samherja þar.
- 23.30 Gauragangur**
- 01.05 Dagskrárlok**

STÖÐ 2 GOLF

- 09.45 LPGA Tour 2021**
- 13.45 LPGA Tour 2021**
- 17.45 LPGA Tour 2021**
- 21.00 Champions Tour Highlights 2021**
- 22.00 LPGA Tour 2021**

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Rádió

FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan

FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Lítt Bylgjan

FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 K100
- FM 102,9 Lindin

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify**
- 12.30 Dr. Phil**
- 13.11 The Late Late Show**
- 13.50 The Block**
- 14.49 Með Loga**
- 15.45 90210**
- 16.50 The King of Queens**
- 17.10 Everybody Loves Raymond**
- 17.35 Dr. Phil**
- 18.20 The Late Late Show**
- 19.05 The Block**
- 20.10 George Clarke's National Trust Unlocked**
- 21.05 Good Will Hunting** Stór-brotin mynd frá 1997. Hjartnæm saga um ódælan-ungan mann sem er að reyna að finna sig í lífinu. Hann lifir í veröld þar sem hann getur leyst öll vanda-mál nema þau sem krauma innra með honum sjálfum. Einn daginn hittir hann sálufélaga sinn sem opnar huga hans og hjarta. Matt Damon og Ben Affleck hlutu Óskarsverðlaun fyrir hand-rit myndarinnar og Robin Williams fyrir aukahlutverk.
- 23.10 The Late Late Show**
- 23.55 Love Island**
- 00.50 Ray Donovan**
- 01.40 Prisoners**
- 04.10 Síminn + Spotify**

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Segðu mér**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Á reki með KK**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegðið**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegðið**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Tónlist frá A til Ö**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Svona er þetta**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Viðsjá**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestin**
- 18.00 Spegillinn**
- 18.30 Hlustaðu nú!**
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Endurómur úr Evrópu**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.40 Kvöldsgagan: Eyrbyggja saga**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Samfélagið**
- 23.05 Lestin**
- 00.00 Fréttir**
- 00.05 Næturútvarp Rásar 1**

STÖÐ 2 BÍÓ

- 10.50 Road Less Travelled**
- 12.20 Ocean's Thirteen**
- 14.15 The Wife**
- 15.55 Road Less Travelled**
- 17.20 Ocean's Thirteen**
- 19.20 The Wife**
- 21.00 The Hangover Part 2**
- 22.40 Hotel Artemis**
- 00.10 Arrival**
- 02.05 The Hangover Part 2**

STÖÐ 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.15 Veronica Mars**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 The O.C.**
- 10.05 Feðgar á ferð**
- 10.30 Masterchef USA**
- 11.10 Margra barna mæður**
- 11.35 Flirty Dancing**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 Ísbiltúr með mömmu**
- 13.20 Beauty Laid Bare**
- 14.05 Lif dafnar**
- 14.45 Temptation Island USA**
- 15.30 Hell's Kitchen USA**
- 16.15 Á uppleið**
- 16.45 Lóa Pind: Örir íslendingar**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.05 Vikinglöttó**
- 19.10 Heimsókn**
- 19.35 First Dates**
- 20.25 Grey's Anatomy**
- 21.15 A Teacher** Hvað gerist þegar samband kennara og nemanda verður of náð? Claire er falleg og leyndar-dómsfull og einnig nýjasti kennarinn í Westbrook. Hún er óhamingjusöm í hjónabandinu og þráir náin tengsl. Þegar Eric, nemandi í enskubekknun hennar, þarfnast aðstoðar við lær-dóminn byrja hlutirnir að breytast. Þau fara að eyða meira tíma saman og enda á að fara yfir strikið.
- 21.40 Sex and the City**
- 22.15 Succession**
- 23.15 NCIS**
- 00.05 NCIS: New Orleans**
- 00.45 Animal Kingdom**
- 01.30 Veronica Mars**
- 02.10 The O.C.**
- 02.55 Masterchef USA**

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

- 18.46 Lotte and the Moonstone Secret**
- 20.00 Friends**
- 20.20 Friends**
- 20.50 The Office**
- 21.10 The Bold Type**
- 22.00 Big Little Lies**
- 22.45 Castle Rock**
- 23.50 Our Girl**
- 00.45 Friends**
- 01.10 Friends**
- 01.30 The Office**

STÖÐ 2 SPORT

- 08.25 FH - ÍBV**
- 10.00 Stjarnan - Selfoss**
- 11.25 FH - Valur**
- 12.40 Seinni bylgjan - karla**
- 14.05 Stjarnan - FH**
- 15.25 ÍBV - KA/Þór**
- 16.45 Seinni bylgjan - kvenna**
- 17.30 Njarðvík - Valur**
- 19.05 Skallagrímur - Keflavík**
- 21.05 Stjarnan - Haukar**
- 22.30 Grindavík - Keflavík**

STÖÐ 2 SPORT 2

- 08.25 AC Milan - Genoa**
- 10.05 Ítölsku mörkin 2020/2021**
- 10.55 Atlético Madrid - Eibar**
- 12.30 Leicester - Southampton**
- 14.15 Atalanta - Juventus**
- 15.50 Fréttabáttur Meistara-deildarinnar 2020/2021**
- 16.25 AC Milan - Sassuolo**
- 18.40 Spezia - Inter Milan**
- 20.40 The Fifth Quarter**
- 21.00 Hellas Verona - Fiorentina**
- 22.40 La Liga World 2020/2021**
- 23.10 Bologna - Torino**

Dimission framundan?
Við reddum búningunum
þið veljið og við gerum ykkur tilboð



Hokus Pokus

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

AUGLÝSING UM SAMÞYKKT OG GILDISTÖKU AÐALSKIPULAGS-BREYTINGAR OG DEILISKIPULAGS-ÁÆTLANA Í VÍFILSSTAÐALANDI Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 19.11.2020 aðalskipulagsbreytingu og þrjár deiliskipulagsáætlanir. Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030, rammahluti Vífilsstaðalands og deiliskipulag Hnoðrahólts norður, deiliskipulag Vetrarmýri miðsvæði og deiliskipulag Rjúpnadalssvæðis með breytingum.

Breytt og lagfærð gögn voru lögð fram í bæjarstjórn Garðabæjar að nýju; breyting á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 rammahluti Vífilsstaðalands þann 18.02.2021 og deiliskipulagsáætlanir Hnoðrahólts norður og Vetrarmýri miðsvæði þann 18.03.2021 og samþykkti að nýju með breytingum.

Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 rammahluti Vífilsstaðalands og deiliskipulagsáætlanirnar Hnoðraholt norður, Vetrarmýri miðsvæði og Rjúpnadalur.

Tillögurnar voru auglýstar skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust og hefur þeim verið svarað með umsögn sveitarstjórnar.

Við gildistöku deiliskipulagsáætlana Hnoðrahólts norður og Vetrarmýrar miðsvæðis fellur úr gildi deiliskipulag Hnoðrahólts og Vetrarmýrar (m.s.br.) sem samþykkt var af Skipulagsstjóra ríkisins 17. apríl 1996.

Tillögurnar hafa öðlast gildi. Auglýsing fyrir aðalskipulagsbreytinguna var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 31.03.2021 nr. 362/2021. Auglýsing fyrir deiliskipulagstillögurnar þrjár var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 14.04.2021 nr. 407/2021. Í samræmi við 2. mgr. 32. gr. og 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er niðurstaða bæjarstjórnar hér með auglýst.

Staðfestar tillögur eru aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar, <https://www.gardabaer.is/umhverfi/skipulag/samthykkt-baejarstjornar/vifilsstadaland-1>

Ákvarðanir bæjarstjórnar um deiliskipulagsáætlanir eru stjórnvaldsákvarðanir sem eru kærar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ákvarðanir sem Skipulagsstofnun og ráðherra ber að staðfesta samkvæmt Skipulagslögum sæta þó ekki kærur til nefndarinnar. Það á við um aðalskipulagsbreytingar. Þeir einir geta kært stjórnvaldsákvarðanir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kæra á. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsáætlunar í B-deild Stjórnartíðinda.

Draumurinn um bíósöngleik rætist

Kristófer Dignus, Jón Gunnar Geirdal og Birgir Örn Steinarsson, sjálfur Biggi í Maus, eru að þróa Drauminn, alíslenskan kvikmyndasöngleik, þar sem sígildir dægurlagatextar keyra áfram háðramatíska samtímasögu.

Leikstjórinn Kristófer Dignus ákvað eftir hvatningu frá Jóni Gunnari Geirdal að freista þess að láta hugmynd að Draumnum, alíslenskri söngleikjábíómynd, rætast. Tónlistarfróði sálfræðingurinn Birgir Örn Steinarsson, Biggi löngum kenndur við Maus, bættist síðan í hópinn og þróunarvinnan er á slíkri siglingu að stefnt er á frumsýningu haustið 2022.

„Ég fékk hugmynd um að gera alvöru íslenska söngvamynd þegar ég var í heimkomusóttkví í vetur,“ segir Kristófer Dignus sem þá gat gert fátt annað en ganga hring eftir hring um Laugardalinn með íslenska tónlist í eyrunum.

„Ég bar þessa hugmynd undir kollega minn og stórvin, Jón Gunnar Geirdal, sem fannst hún geggjuð og hvatti mig til dáða,“ segir Kristófer og Jón Gunnar kjarnar Drauminn eins og frasakóngi sæmir:

„Draumurinn er söngleikjábíómynd þar sem íslenskir dægurlagasmellir verða skrifaðir inn í handritið í anda Moulin Rouge! og Mamma Mia!“

Kristófer segir það eðlilega hjálpa söngleikjum þegar þeir byggja, eins og Mamma Mia! og Moulin Rouge!, á lögum sem þegar eru þekkt og þannig njóti þeir félagar ákveðins forskots þótt sagan sé frumsamin og ný.

Söngvamynd af nýja skólanum

„Þarna svindlum við svolítið vegna þess að við erum með standarda sem allir þekkja og geta raulað með þannig að við erum í raun og veru komnir miklu lengra bara strax af því þetta eru lög sem fólk þekkir og elskar. Mamma Mia! var svona fáránlega vinsæl vegna þess að allir þekkja lögin.“

Kristófer leggur áherslu á að Draumurinn verði ekki hefðbundin söngleikjamynd og segir hana „af nýja skólanum“.

„Við ætlum að reyna að hafa þetta eins raunverulegt og hægt er fyrir utan að leikararnir syngja í bland við hefðbundin samtöl eins og ekkert sé eðlilegra. Okkur langar



Hvar er draumurinn? Á leiðinni í bíó sem söngleikur þegar Kristófer Dignus, Jón Gunnar og Birgir Örn ætla að vera klárir með háðramatíska sögu sem tekur flugið með sígildum íslenskum dægurflugum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

í raun að nota textana sem farar-tæki frásagnarinnar.

Við Biggi erum búnir að safna saman 80 lögum sem gætu komið til greina og svo straumlínulagast þetta eftir því sem við hlustum oftar og þælum meira. Við endum líklega með innan við fimmtán lög í myndinni þegar grisjunin er afstaðin,“ segir Kristófer og bætir við að valkvíðinn sé nokkuð þrúgandi enda af nógu að taka úr íslenskri dægurtónlistarsögu.

Myrkur og andlegt ofbeldi

„Það er allur skalinn í sarpinum. Allt frá Elly Vilhjálms til Arons Can. Við eigum bara eftir að handvelja lögin sem munu segja þessa sögu.“ Sögu sem er enn í mótun þar sem endanlegt lagaval liggur ekki fyrir og öll réttindamál því óhjákvæmlega ófrágengin. „Beinagrindin er komin og lögin eru í raun og veru kjötið sem við hlöðum utan á þann-



BEINAGRINDIN ER KOMIN OG LÖGIN ERU Í RAUN OG VERU KJÖTIÐ SEM VIÐ HLÖÐUM UTAN Á ÞANNIG AÐ ÞETTA VERÐUR BÍÓMYND.

Kristófer Dignus

ig að þetta verður bíómynd.“

Kristófer lýsir Draumnum sem háðramatískri samtímasögu. „Þetta er nútíma ástarsaga um unga söngkonu sem skýst kannski allt of hratt upp á stjörnuhimininn og brenglað samband hennar við umboðsmann hennar sem er töluvert eldri en hún auk þess að vera AA-sponsorinn hennar.

Þannig að það er alls konar myrkur og andlegt ofbeldi í gangi þarna á milli þeirra en svo fléttast inn í þetta æskuást söngkonunnar, meðlimur í hljómsveitinni, sem dýrkar hana og reynir að bjarga

henni úr spiralnum sem hún er komin í.“

Flug hugmyndanna

Kristófer segir að eftir að Draumurinn kviknaði í sóttkvinni hafi hann byrjað að hafa áhyggjur af því að hann myndi ganga honum úr greipum. „Það stressar mig allt af þegar hugmyndir fara svona á flug að kosmósið fyllist einhvern veginn stundum af sömu hugmyndum.“

Kristófer ákvað því, eftir að hafa viðrað þessar áhyggjur sínar við Jón Gunnar, að segja frá Draumnum núna frekar en að biða eftir því að einhver annar yrði á undan.

„Þegar sóttkvinni lauk notaði ég á einu bretti upp alla greiða sem ég mun nokkurn tímann eiga inni í kvikmyndabransanum og fékk einvala lið með mér til að taka upp „tiser trailer“, eða prufu, til þess að sýna tilvonandi framleiðendum

og fjárfestum hvernig ég sæi þetta fyrir mér.“

Hjálpaðu mér upp

Kristófer þakkar tækniframförum að það er orðið frekar auðvelt að taka upp slíkar prufur, eða tónlistarmyndband í þessu tilfelli, og segja má að þessi stikla hafi svo sannarlega virkað.

„Lagið sem varð fyrir valinu var Nýdönsk-lagið Hjálpaðu mér upp sem Jón Ólafs útsetti fyrir mig upp á nýtt. Ég plataði Brieti, Króla, Selmu Björns og Jóhannes Hauk til liðs við mig til að leika og syngja og er skemmt frá því að segja að dæmið heppnaðist það vel að ég var búinn að landa framleiðslusamningi við Glassriver nokkrum dögum eftir að „tiserinn“ var klár,“ segir Kristófer og bætir aðspurdur við að ekki sé útilokað að söngfólkið í stiklunni endurtaki rullurnar í kvikmyndinni en allt ofsnemmt sé að slá nokkru föstu um það.

Andstæðupar

„Ég bjóst nú ekki við því en þá kemur í ljós að Biggi er náttúrlega söngleikjanörd. Hann elskar söngleiki og er bara búinn að biða eftir tækifæri til þess að koma að svona verkefni þar sem tónlist og söngur eru notuð sem frásagnarform,“ segir Kristófer um sálfræðinginn, tónlistarmanninn og handritshöfundinn sem Glassriver hóaði í eftir að hafa gripið Drauminn á lofti.

Biggi og Baldvin Z, hjá Glassriver, eiga að baki farsælt samstarf sem gat af sér kvikmyndirnar Vonarstræti og Lof mér að falla sem þeir skrifuðu saman og Baldvin leikstýrði.

„Það lá bara beinast við að þau hjá Glassriver hefðu samband við Bigga,“ segir Kristófer. „Og þau grínast með það að ég og Biggi erum fullkominn kokteill í þetta verkefni. Vegna þess að hann svolítið í tilfinningunum og á dýptina en ég er meira svona hressi gæinn að reyna að gera skemmtiefni. Þannig að þarna sameinast þessir tveir pólur.“

Nánar er rætt við Kristófer og fleiri um Drauminn á fréttablaðið.is í dag. toti@frettabladid.is

BRÚÐKAUP

Sérblað Fréttablaðsins Brúðkaup kemur út fimmtudaginn 20. maí.

Athöfnin, veislan, fatnaður, gjafir og allt sem viðkemur stóra deginum.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Ruth Bergs

Sími 694-4103 ruth@frettabladid.is





HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Vefverslun
**Skoðaðu
úrvalið**



Gildir miðvikudag og fimmtudag

Sumargjafir

Reiðhjól • Garðleikföng • Rafhlaupahjól

12" reiðhjól

Litir: Blátt, bleikt eða gult



Reiðhjól 12"

Orient Rookie
12" dekk ásamt hjálpardekkjum.
3901266, 3901267, 3901268

27.900 kr



20" reiðhjól

Litir: Orange, gult eða svart



Reiðhjól 20"

Orient Snake
20" dekk, 6 girar.
3901269, 3901270, 3901271

35.900 kr



24" reiðhjól

Litir: Svart, gult eða orange



Reiðhjól 24"

Orient Snake
24" dekk, 21 girar.
3901278, 3901279,
3901280

42.900 kr



26" reiðhjól

Litir: Gult, svart eða orange



Reiðhjól 26"

Orient Snake
26" dekk, 21 girar.
3901281, 3901282,
3901283

46.900 kr



Rafmagnshlaupahjól

20%

Rafmagns- hlaupahjól

CityRider Mini
Nær allt að 20 km hraða
og er með allt 15 km
drægni. 3903110

23.900 kr
~~29.900 kr~~



20%

Rafmagns- hlaupahjól

ES200
Þrjár hraðastillingar,
hámarksþyngd
notanda 100 kg.
3903102

31.900 kr
~~39.900 kr~~




20%

Rafmagns- hlaupahjól

SG-5
25 km drægni,
3 hraðastillingar,
kemst mest á
25 km/klst.
3903105

36.700 kr
~~45.900 kr~~



20%

Rafmagns- hlaupahjól

CityRider 300W
Nær allt að 25 km
hraða og er með
allt að 25 km drægni.
3903111

39.900 kr
~~49.900 kr~~



ALLT ÞAÐ NÝJASTA FRÁ TEMPUR MEÐ 20% AFSLÆTTI TEMPUR-DAGAR



VEFVERSLUN
www.betrabak.is

TEMPUR



TEMPUR® Cloud línan

Hönnuð fyrir meiri mykt

Mjúk ● ● ● ● ● Stíf



TEMPUR® Original línan

Hönnuð fyrir meiri stuðning

Mjúk ● ● ● ● ● Stíf



TEMPUR® Hybrid Línan

Hönnuð fyrir sneggra viðbaggð

Mjúk ● ● ● ● ● Stíf



TEMPUR® Firm línan Nýtt

Hönnuð fyrir enn meiri stuðning

Mjúk ● ● ● ● ● Stíf



Nýjar gerðir
og fjölbreytt úrval

TEMPUR®
heilsukodda



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

**Betra
BAK**



Lagabunki hafði safnast upp hjá Sigurði sem fannst kominn tími til að gefa út sólóplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Örlítið persónulegri á fyrstu sólóplötunni

Á næstu mánuðum er von á fyrstu sólóplötu **Sigurðar Guðmundssonar**, sem oft hefur verið kenndur við Hjalma og GÓSS. Í dag kemur út fyrsta lagið af plötunni og ber það heitið Kappróður.

Í dag kemur út fyrsta lagið af væntanlegri sólóplötu tónlistarmannsins Sigurðar Guðmundssonar, sem oft er kenndur við hljómsveitirnar Hjalma og GÓSS. Lagið heitir Kappróður.

„Þetta er fyrsta sólóplatan mín, sem er algjörlega með mínu eigin efni.“

Hann segir vissulega nokkurn mun á því að vinna að sólóefni og að vinna tónlist með hljómsveit.

„Ég er náttúrulega alls ekki að gera þetta alveg einn. En jú, að vissu leyti, nú ræð ég öllu sjálfur, hvað mér finnst flott og hvað ekki. Það getur samt líka verið smá einmanalegt, sérstaklega þegar maður er kominn á lokametrana. Þá getur verið erfitt að taka ákvarðanir um hvort maður sé í alvörunni að gera rétt. Hvort maður sé að gera gagn eða ógagn,“ segir hann.

Hljóðver Sigurðar er staðsett í Hafnarfirði, en hann segir margt fleira tónlistarfolk með stúdíó í byggingunni sem getur reynst þægilegt þegar hann vill bera efnið undir aðra.

„Það getur verið mjög gott. Þetta er smá svona innanhúss starfsemi hérna hjá okkur. Þótt að ég sé kannski einn að vinna mína tónlist inni í stúdíói, þá er hægt að leita til ýmissa annarra hérna innanhúss til að bera þetta undir aðra,“ segir hann.

Örlítið persónulegri

Sigurður segist hafa upplifað að nú væri orðið tímabært að gefa út sitt eigið efni.

„Svo hafði ástandið sem við viljum ekki nefna orsakað það að

maður hefur haft meiri tíma til að dunda sér sjálfur. Það var búinn að hrúgast upp hjá mér lagabunki og ég ákvað bara að koma því loksins saman í einhvern pakka, aðeins enduruppögva sjálfan mig. Treysta á sjálfan mig til að standa með þessu dóti og sjá svo bara til hvernig fer.“

Hann segist í flestum tilvikum semja tónlist með sig sjálfan í huga, þótt að tónlistin sé svo flutt með hljómsveit.

„Ein hljómsveitin er fyrst og fremst að taka ábreiður,“ segir hann og á þá við hljómsveitina GÓSS. „Hjálmarinn, þá er yfirgnæfandi hluti laganna eftir Steina, Þorstein Einarsson. Þótt ég eigi oft eitthvert brot af þeim. Svo eru aðrir að semja fyrir flest hitt sem ég er að gera. En svo eins og með okkur Siggú, okkar rispa fyrir jölatónleikana og þannig dótar, flest lögin okkar hafa verið eftir mig. Ég hef alltaf samið þau með það í huga að þau séu yfir okkur, þá reyni ég yfirleitt að semja þau þannig að þau henti fyrir tvo söngvara. Þessi plata sem kemur út núna er örlítið persónulegri. Meira afsprengi af minni lífsreynslu.“

Passlega bjartsýnn

Stefnan var að gefa plötuna út í maí.

„Ég var bara að fréttu það í gær að það yrði sennilega einhver tveggja vikna töl.“

Í ljósi heimsfaraldursins er erfitt að segja til um hvort Sigurður nái að fylgja plötunni eftir með tónleikahaldi.

„Þegar það má, þá vissulega stefni ég á það. En það er allt í hálfgerðri upplausn núna og maður veit ekkert hvað verður hægt að gera í sumar til dæmis. Mig langaði samt að gefa

ÞÁ GETUR VERIÐ ERFITT AÐ TAKA ÁKVARÐANIR UM HVORT MAÐUR SÉ Í ALVÖRUNNI AÐ GERA RÉTT. HVORT MAÐUR SÉ AÐ GERA GAGN EÐA ÓGAGN.

plötuna út núna frekar en í haust, mér fannst hún meiri sumarplata. Í bjartsýnskasti mínu var ég að vonast til að það myndi verða flingur í sumar og maður gæti farið af stað og spilað eitthvað. Ég ætla að leyfa mér að vera passlega bjartsýnn.“

Heldur sér við efnið

Margir í skapandi greinum hafa rætt opinberlega um að hafa fyrst trúað því að geta nýtt tímann í heimsfaraldrinum til að vinna í listinni, en þegar á hafi liðið hafi þetta lýjandi ástand farið að setja svip sinn á verkin. Sigurður segist kannast við þetta að einhverju leyti.

„En það snýst meira um hvað ástandið sveiflast mikið. Einn daginn er mikil bjartsýni og maður trúir að þetta sé bara búið, allt á blússandi uppleið. Svo þegar maður áttar sig á því að þetta gerist trekk í trekk, að þetta sé oft bara falsvon, þá fer svolítið vindurinn úr manni. En ég er reyndar bara það mikill áhugamaður um að sinna þessu starfi mínu þannig að ég reyni að gera það samviskusamlega á hverjum degi. Ég reyni bara að halda mér við efnið,“ segir Sigurður.


Lagið Kappróður er hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum. steingerdur@frettabladid.is

**SKRÁÐU ÞIG Á
PÓSTLISTANN**
Fáðu blað dagsins
sent rafrænt



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason gustaf@torg.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Auður Húntfjörð audur@frettabladid.is, Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is, FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is, RÁÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is



unicef 
fyrir öll börn

VELDU NÚNA

Taktu þátt í gagnvirkri upplifun án hliðstæðu á veldununa.is
og taktu ákvörðun sem skiptir raunverulega máli.

veldununa.is

BAKÞANKAR

Árna Helgasonar



Notalegt stofufangelsi

Filippus prins er fallinn frá. Eins og flest annað í hans lífi var útförin sýnd í beinni útsendingu um allan heim. Sumir drukku high-tea af þessu tilefni, aðrir fundu til með drottningunni og enn aðrir hneyksluðust á þessu öllu saman. Þannig virkar jú sýningin í kringum konungsfjölskylduna, okkur finnst við þekkja þetta fólk. Við höfum á því sterkar skoðanir, í senn dæmum þau og dæmst að þeim. Svo vel finnst okkur við þekkja þau að hér á landi heitir Philip til að mynda Filippus.

Með andláti hans lýkur ævi sem má lýsa sem notalegu stofufangelsi. Rétt eins og aðrir í fjölskyldunni var hann eins konar valdalaus sýningargripur í raunveruleikasjónvarpi sem gekk hvern einasta dag, hverja viku, mánuð, ár, áratugi og á endanum í hálfa öld. Eins konar Truman-show fina fólksins.

Ekki misskilja mig, Filippus hafði það gott. Aldrei kalt eða svangur. Á morgnana var búið að strauja fótin hans, útbúa morgunverð og skipuleggja fyrir hann daginn. Honum var ekið um í finum bílum, umkringdur starfsfólki og þjónum. Vandinn er bara að hann gat aldrei hætt, gengið út úr leikmyndinni og orðið eins og hver annar dúddi á pöbnum. Það var engin slík klausa í samningnum. Dagskráin hélt alltaf áfram. Heimsókn í smábæ sem þú hefur aldrei heyrt um þar sem bæjarbúar munu horfa á þig, lesa í öll svipbrigði og muna eftir þessari stund alla sína ævi.

Eftir stendur ákveðið þakklæti til mannsins, fyrst og fremst fyrir að taka þetta á sig og gefa okkur hinum eitthvað til að tala um öll þessi ár.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Árna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ



66°
NORDUR

Komum út!

Verslaðu á 66north.is
Fylgdu okkur á Instagram @66north